

Nd.

## 180. Frumvarp til laga

[96. mál]

um öryggisráðstafanir á vinnustöðum.

(Lagt fyrir Alþingi á 68. löggjafarþingi, 1948.)

### I. KAFLI

#### Gildissvið laganna, tilkynningarskylda o. fl.

##### 1. gr.

Lög þessi ná til sérhverrar starfrækslu, þar sem einn verkamaður eða fleiri vinna, eða notuð er orka, sem er eitt hestafl eða meira, hvort tveggja þó með þeim undantekningum, er greinir í lögum þessum.

Undanþegin lögum þessum eru:

1. siglingar, fiskveiðar og aðrar veiðar, þar með talin aðgerð á veiðinni á skipsfjöllum, enda sé ekki um sérstök verksmiðjuskip að ræða,
2. loftferðir,
3. vinna í einkaíbúð vinnuveitanda, enda sé um algeng heimilisstörf að ræða.

Ráðherra getur, í samráði við öryggismálastjóra og öryggisráð, mælt svo fyrir í reglugerð, að vélar og önnur áhöld og mannvirki, sem lög þessi ná ekki til, skuli þó vera háð því eftirliti, er lög þessi mæla fyrir um.

##### 2. gr.

Verkamaður merkir í lögum þessum hvern þann mann, karl eða konu, sem vinnur utan heimilis síns í annars manns þjónustu.

Vinnuveitandi merkir í lögum þessum hvern þann mann, karl eða konu, sem hefur í þjónustu sinni einn eða fleiri verkamenn.

Sé fyrirtæki, sem lög þessi ná til, starfrækt af tveim mönnum eða fleiri í samningu, telst aðeins annar eða einn þeirra vinnuveitandi samkvæmt þessum lögum, en hinn eða hinir teljast vera verkamenn, enda vinni þeir við fyrirtækið. Skal það tilkynnt öryggiseftirlitinu, hver sé talinn vinnuveitandi.

Framkvæmdastjóri félags telst vinnuveitandi í merkingu þessara laga.

Sé um opinberan rekstur að ræða, telst vinnuveitandi sá, er umsjón hefur með starfrækslunni, og skal það tilkynnt öryggiseftirlitinu, hver það er.

##### 3. gr.

Sérhvert fyrirtæki, sem lög þessi ná til (sbr. 1. gr.), skal tilkynna öryggiseftirlitinu starfrækslu sína áður liðinn er hálfur mánuður frá því hún hófst. Tilkynningunni skulu fylgja fullnægjandi upplýsingar um starfræksluna, hvers konar og hve mikil orka er notuð, hve margir verkamenn vinni þar að jafnaði og annað það, er máli kann að skipta og krafizt verður.

Þegar gerð er breyting á fyrirtæki, skal senda öryggiseftirlitinu sams konar tilkynningu og um getur í 1. málsg. þessarar greinar strax og breytingum er lokið.

Eigandi farandvélar skal tilkynna öryggiseftirlitinu, hvar vélin er í notkun á hverjum tíma.

##### 4. gr.

Rísi ágreiningur milli öryggismálastjóra og vinnuveitanda um það, hvort lög þessi ná til starfrækslu, má skjóta ágreiningnum til öryggisráðs, og kveður það upp úrskurð um hann.

## II. KAFLI

### Almenn ákvæði um tilhögun á vinnustað.

#### 5. gr.

Vinnuveitanda ber að sjá um, að á vinnustað sé öllu svo fyrir komið, að verkamenn séu verndaðir gegn slysum og sjúkdómum eftir því, sem föng eru frekast til.

Vinnuveitanda ber að sjá svo um, að verkamenn fái vitneskju um, ef hætta fylgir störfum þeirra og á hvern hátt bezt sé að forðast hana. Sérstaklega skal leiðbeina óvönnum verkamönnum, nenum og ungum verkamönnum í þessu efni.

#### 6. gr.

Verkamenn skulu stuðla að því eftir megni, að allt, sem gert er til að vernda þá gegn slysum og sjúkdómum, komi að sem beztum notum, þeim ber og að stunda reglusemi og nauðsynlega varkárni á vinnustað.

Verkamenn skulu sérstaklega gæta þess, að vélar, verkfæri, áhöld og annar útbúnaður, sem notaður er við vinnuna, sé í góðu lagi, og skulu þeir lagfæra þá galla, sem á kunna að verða, ef unnt er, en annars tilkynna þá yfirmanni sínum.

Verði verkamaður fyrir slysi við vinnu sína, ber honum að tilkynna það yfirmanni sínum svo fljótt sem verða má. Eigi má hann taka upp vinnu sína á ný, fyrr en það hefur verið lagfært, sem kann að hafa verið í ólagi.

Þegar verkamönnum er ætluð sérstök matstofa, sem öryggiseftirlitið hefur viðurkennt, er þeim óheimilt að neyta matar síns annars staðar á vinnustað.

#### 7. gr.

Trúnaðarmaður verkamanna (sbr. 45. gr.) skal reglulega líta eftir því, að allur öryggisútbúnaður sé í góðu lagi og hann notaður á réttan hátt. Verði hann var einhverra ágalla, skal hann tilkynna það vinnuveitanda. Verði trúnaðarmaðurinn þess var, að hægt sé að bæta um öryggisútbúnaðinn á einhvern hátt, ber honum að vekja athygli vinnuveitanda á því. Sömulleiðis skal trúnaðarmaðurinn vekja áhuga verkamanna á notkun alls þess, er til öryggis má verða, og leiðbeina þeim um allt það, er að öryggisútbúnaðinum lýtur.

Trúnaðarmaður skal, í samráði við verkstjóra, hafa gát á því, að óviðkomandi menn séu ekki á ferli á vinnustað.

#### 8. gr.

Þegar um vinnu er að ræða, sem hefur í för með sér óvenjulega mikla hættu fyrir líf, limi eða heilbrigði verkamanna eða er óvenjulega erfið, getur ráðherra sett reglur í samráði við öryggismálastjóra og öryggisráð um öryggisútbúnað umfram það, sem mælt er fyrir um í lögum þessum. Í þeim reglum geta verið ákvæði um takmörkun vinnutímans, að verkamenn innan 18 ára aldurs séu eigi látnir framkvæma verkið og eigi heldur verkamenn, sem hafi annaðhvort ekki nægilegt líkamlegt eða andlegt atgervi til vinnunnar.

#### 9. gr.

Ráðherra getur ákveðið, í samráði við öryggismálastjóra og öryggisráð, að fram fari reglubundin læknisskoðun verkamanna, enda sé ástæða til að ætla, að á þann hátt megi koma í veg fyrir eða hefta atvinnusjúkdóma til muna. Vinnuveitandinn er skyldur að gefa verkamönnum frí frá störfum, án skerðingar á kaupum, til þess að skoðunin geti farið fram.

#### 10. gr.

Ráðherra er heimilt, í samráði við öryggismálastjóra og öryggisráð, að gefa út reglugerðir og aðrar reglur um tilhögun á vinnustað, starfsháttu og önnur atriði, er varða heilbrigði og velferð verkamanna, svo og um öryggisútbúnað til að forðast

slys og sjúkdóma af völdum vinnunnar, allt innan þeirra takmarka, er lög þessi ákveðna.

Ef vélar, verkfæri, áhöld og annar útbúnaður, sem notaður er við vinnuna, er þannig gerður, að nauðsynlegt sé að sannreyna styrkleika hans eða önnur gæði eða rannsaka hann á annan hátt, ber seljandinn eða eigandinn allan eða nokkurn hluta kostnaðarins af rannsókninni eftir nánari fyrirætlunum ráðherra.

#### 11. gr.

Sérhver, sem ætlar að reisa eða starfrækja verksmiðju eða verkstæði eða breyta eldra fyrirtæki, skal leita umsagnar öryggismálastjóra um, hvort hið fyrirhugaða skipulag sé í samræmi við lög þessi eða reglugerðir settar samkvæmt þeim. Í því skyni skal hann láta í té sundurliðaða greinargerð með nægilegum uppráttum yfir fyrirkomulag véla og húsakynna og öðrum upplýsingum, er máli kunna að skipta, allt eftir því, sem öryggismálastjóri kann að krefjast.

Vilji hlutaðeigandi ekki una úrskurði öryggismálastjóra, getur hann skotið máli sínu til úrskurðar öryggisráðs.

### III. KAFLI

Sérstakar reglur varðandi ráðstafanir til verndar heilbrigði og velferð verkamanna.

#### 12. gr.

Um verksmiðjur, verkstæði, verzlunarstaði og skrifstofur gilda eftirfarandi ákvæði, enda séu þessi fyrirtæki starfrækt að staðaldri á sama stað:

1. *Lofthæð.* Þar, sem unnið er, skal eigi vera lægra undir loft en 2.5 m, en sé hiti mikill, raki, ryk, reykur, óþefur, eitraðar gastegundir, sprengifimar gastegundir eða annað þess háttar, sem eigi er hægt að fjarlægja, skal lofthæð vera a. m. k. 3 m.
2. *Loftrúm.* Við vinnu skal hver verkamaður hafa a. m. k. 15 m<sup>3</sup> loftrúm. Þó má minnka loftrúmið niður í 10 m<sup>3</sup> fyrir hvern verkamann, ef sérstök loftræsting er fyrir hendi, enda samþykki öryggismálastjóri það. En sé hins vegar óhjákvæmilega mikill hiti á vinnustaðnum, raki, ryk, reykur, óþefur, eitraðar gastegundir, sprengifimar gastegundir eða annað þess háttar, getur öryggismálastjóri krafizt þess, að loftrúmið sé aukið allt upp í 25 m<sup>3</sup>. Þegar reiknað er út loftrúm, skal eigi taka tillit til hæðar, sem er yfir 4 m.
3. *Gólf.* Á vinnustað skulu gólfin vera úr því efni, er bezt hentar hverju sinni, og efnisvalið fara eftir vinnu þeirri, sem að er unnið.
4. *Þak, veggir og loft.* Á vinnustað skal þak, veggir og loft vera nægilega þétt og hlý. Málningu skal haldið vel við, þar sem málað er, en sé vinnustaðurinn kalkaður, skal kalka á hæfilegum fresti. Öryggismálastjóri getur bannað að nota veggfóður á loft og vegg, ef hann telur það óhentugt af heilbrigðis- eða hreinlætisástæðum.
5. *Lýsing.* Sérhver verkamaður skal hafa þá birtu við vinnu sína, er bezt hentar hverju sinni, svo að sjón hans sé ekki hætta búin.
6. *Hreingerning.* Vinnustaðir skulu vera tilhlýðilega hreinsaðir. Hreingerningu skal lokið a. m. k. ¼ klst. áður en vinna hefst.
7. *Hiti.* Upphitun skal vera nægileg á vinnustað og í matstofu að dómi trúnaðarmanns verkamanna og öryggismálastjóra, og fari eftir því, hver vinna er stunduð.
8. *Drykkjarvatn.* Verkamenn skulu hafa aðgang að nægilegu og góðu drykkjarvatni, og skal svo vera um búíð, að hægt sé að gæta nægilegs hreinlætis, þegar þess er neytt.
9. *Handþvottur og böð.* Á sérhverjum vinnustað skulu vera nægilega margar handlaugar eða annar hentugur útbúnaður með sápu eða öðru þvottaefni

fyrir verkamenn til að þrifa sig. Skal þeim haldið tilhlýðilega hreinum. Handlaugarnar skulu vera í eða fast við búningsherbergi, ef það er fyrir hendi, en annars í vinnuherbergi. Telji öryggismálastjóri það nauðsynlegt af þrífnaðar- eða heilbrigðisástæðum, getur hann krafizt þess, að heitt vatn sé tiltækilegt til notkunar við þvottinn. Af sömu ástæðum getur hann krafizt þess, að sérstök bað- eða þvottaherbergi séu til afnota, og eru verkamenn þá skyldugir að nota þau.

10. *Búningsherbergi o. fl.* Þegar vinnu er þannig háttáð, að nauðsynlegt sé að hafa fataskipti áður en vinna hefst og að henni lokinni, skulu verkamenn hafa aðgang að búningsherbergi, er sé nálægt vinnustað þeirra og hæfilega útbúið, m. a. að því leyti, að hægt sé að geyma fatnaðinn, svo að vel fari. Eigi má geyma fatnaðinn þar, sem matazt er, nema öryggismálastjóri hafi gefið leyfi til þess, eigi heldur í vinnuherbergjum verkstæða og verksmiðja, nema í skápum, sem til þess eru sérstaklega gerðir. Hægt er að krefjast þess, að fatnaður sá, sem verkamenn nota við vinnu sína, sé geymdur annars staðar en fatnaður sá, sem þeir nota ekki við vinnu, enda sé vinnu þannig háttáð, að eigi verði hjá því komizt, að vinnufatnaður óhreinkist verulega. Reiðhjól og önnur svipuð farartæki, sem verkamenn nota til og frá vinnu, skal vera hægt að geyma á tryggum og hagkvæmum stað, meðan á vinnu stendur. Frá þessu síðastnefnda ákvæði getur öryggismálastjóri þó gefið undanþágu þeim fyrirtækjum, sem tekin eru til starfa, er lög þessi öðlast gildi, enda sé það verulegum vandkvæðum bundið að koma slíku skýli fyrir.
11. *Vinnufatnaður o. fl.* Verkamenn skulu vera í vinnufötum, sem vel henta fyrir vinnuna. Sé af heilbrigðisástæðum nauðsynlegt að nota sérstök vinnuföt, má krefjast þess, að vinnuveitandinn láta þau í té og annist hreinsun þeirra. Verði ekki hjá því komizt að vinna í miklum hita eða raka, getur öryggismálastjóri lagt svo fyrir, að verkamönnum sé gefinn kostur á því að skipta um föt og fá fatnað sinn þurrkaðan.
12. *Matstofa og dvalarstofa.* Verkamenn skulu hafa aðgang að matstofu eða öðrum hentugum stað til að matast. Þar skal vera hægt að hita upp mat og drykk. (Sbr. enn fremur síðustu málsg. 6. gr.)
13. *Salerni.* Hæfilega mörg vatnssalerni skulu vera til afnota fyrir verkamenn. Þau skulu vera nálægt vinnustað og tilhlýðilega frá þeim gengið. Þar sem 5 kvenmenn eða fleiri vinna að staðaldri, skal þeim ætlað sérstakt salerni.
14. *Stólar.* Þegar verkamönnum er ætlað að vinna sitjandi, skulu þeir hafa til afnota hentuga stóla. Sé þeim hins vegar ætlað að vinna standandi, má krefjast þess, að þeir fái til afnota sæti, sem þeir geta notað, þegar tækifæri gefst við vinnuna.
15. *Loftræsting.* Á vinnustað skal andrúmsloftið endurnýjað nægilega og á þann hátt, er bezt hentar viðkomandi starfrækslu. Þó skal þess gætt, að skaðlegur súgur sé ekki, þar sem unnið er.
16. *Reykur, gufa, eittraðar og sprengifimar gastegundir o. fl.* Gastegundir, sem óhollusta eða sprengihætta stafar af, svo og reykur, gufa, hitasvækja og óþefur, sem myndast í einstökum vinnustofum, skal leitt burt frá stað þeim, þar sem það myndast, eftir því sem frekast er unnt, en þess ætíð gætt, að það berist ekki í aðrar vinnustofur. Þar sem ekki er hægt að komast hjá óhreinindum í andrúmsloftinu, sem hætta stafar af, skal verja verkamenn gegn áhrifum þeirra á viðeigandi hátt. Verkamenn skal verja eftir megni gegn áhrifum mikils hita.
17. *Skaðlegur raki.* Ef vinnuaðferðin hefur í för með sér, að hið venjulega raka- stig loftsins breytist til muna, skulu gerðar viðeigandi ráðstafanir til verndar verkamönnum gegn áhrifum rakans.
18. *Ryk.* Aðferðum við vinnuna skal eftir mætti hagað þannig, að ryk myndist

- ekki. Verði ekki hjá því komizt, að ryk berist í andrúmsloftið, skulu gerðar ráðstafanir til verndar verkamönnum gegn skaðlegum áhrifum þess.
19. *Eitruð efni og önnur efni hættuleg heilsu manna.* Alls staðar þar, sem framleidd eru eitruð efni eða önnur efni, sem eru hættuleg heilsu manna, slík efni myndast, eru notuð, vegin, búið er um þau eða með þau farið á annan hátt, skulu gerðar ráðstafanir til verndar verkamönnum gegn skaðlegum áhrifum þeirra. Sé þess nokkur kostur, skal nota miður hættuleg efni eða hættulaus efni í stað hinna hættulegu, enda hafi það ekki verulegt óhagræði í för með sér fyrir starfræksluna. Í samráði við öryggismálastjóra og öryggisráð getur ráðherra bannað framleiðslu eða notkun sérstaklega hættulegra efna eða sett þau skilyrði fyrir leyfi á notkun þeirra, að sérhvert ílát eða umbúðir, sem efnin eru í hrein eða blönduð öðrum efnum, beri þess greinileg merki.
  20. *Smithætta.* Ef sérstök hætta er á, að verkamenn geti smitazt af sjúkdómum við vinnu sína, skulu gerðar nauðsynlegar ráðstafanir til að verja þá smitun.
  21. *Hlífðarútbúnaður verkamanna o. fl.* Verkamönnum skal látið í té sérstakur hlífðarútbúnaður, svo sem grímur, hanzkar, gleraugu, eyrnahlifar og öndunar-áhöld, þeim til varnar gegn skaðlegum áhrifum, ef ekki er á annan hátt hægt að verja þá gegn þeim. Kostnaðinn af slíkum hlífðarútbúnaði ber vinnuveitandinn. Verkamönnum ber að nota þennan hlífðarútbúnað, þegar þeir eru við slíka vinnu.
  22. *Náttból.* Ef vinnustaður er svo afskekktur, að örðugt sé fyrir verkamenn að útvega sér náttból, skal vinnuveitandi láta verkamönnum í té tilhlýðilegan og ef þörf krefur upphitaðan næturdvalarstað, þar sem karlar og konur geta dvalið hvort í sínu lagi.

### 13. gr.

Eigi vinnuveitandi að sjá verkamönnum fyrir húsnæði, skal það vera svo rúm-gott, að hver verkamaður hafi eigi minna loftrými, þar sem sofið er, en 7 m<sup>3</sup>. Hver verkamaður skal hafa hæfilega stórt hvílurúm fyrir sig. Bil milli rúma skal eigi vera minna en 1 m, en liggja rúm samhliða hvort hjá öðru, skal vera þétt skilrúm á milli þeirra. Konur skulu hafa svefnklefa sérgreinda frá svefnklefum karla.

Gera má rúmaraðir tvöfaldar, efri og neðri rúm, en þá má hæð undir loft hvergi vera minni en 2,65 m.

Verkamenn skulu hafa aðgang að nægilega rúmgóðu eldhúsi og hafa til umráða hentuga matargeymslu, enda sjái vinnuveitandi þeim eigi fyrir fæði. Þá skulu þeir og hafa aðgang að nægilega rúmgóðri borðstofu.

Að öðru leyti gilda ákvæði 12. gr. þessara laga um húsnæði verkamanna eftir því, sem við á og ráðherra ákveður í reglugerð í samráði við öryggismálastjóra og öryggisráð.

Sé vinna stunduð aðeins skamma hrið á sama stað, getur öryggismálastjóri gefið undanþágum frá einstökum ákvæðum þessarar greinar.

### 14. gr.

Ef vinna fer fram að nokkru eða öllu leyti undir berum himni, í opnum skúr-um, undir hlífðarþaki eða á annan svipaðan hátt, gilda ákvæði 12. gr. þessara laga að svo miklu leyti, sem við getur átt.

### 15. gr.

Um starfrækslu, sem ákvæði 12. gr. þessara laga ná ekki til, t. d. byggingavinnu, fermingu og affermingu skipa, mannflutninga og aðra flutninga, matsölustaði, gisti-lús, skemmtistaði, landbúnað og garðyrkju, ákveður ráðherra samkvæmt tillögum öryggismálastjóra og öryggisráðs, að hve miklu leyti ákvæði 12. gr. skuli ná til slíkrar starfrækslu.

Rísi ágreiningur um það, hvort einhver starfræksla falli undir ákvæði 12. gr. eða þessarar greinar, sker öryggisráð úr ágreiningnum.

#### IV. KAFLI

##### Ráðstafanir til að verjast slysum.

###### 16. gr.

Byggingar allar og önnur mannvirki, sem lög þessi ná til, svo og vélar, verkfæri, áhöld og annar útbúnaður skal vera tryggilega gerður, og skal hann notaður og honum haldið við á tilhlýðilegan hátt. Þar sem byggingarsamþykktir eru í gildi, skal farið eftir ákvæðum þeirra, enda séu ekki gerðar strangari kröfur í lögum þessum. Ef nauðsynlegt er, skal vinnuveitandi láta fram fara rannsókn á því, hvort frágangur sé tryggilegur.

Þegar fyrirkomulag bygginga og annarra mannvirkja er ákveðið, skal þess gætt, að gangar, stigar og útgöngudyr séu nægilega greiðfærar, ef eldsvoða ber að höndum. Hæftulegar gryfjur, skurðir og annað þess háttar skal vera nægilega varið. Gólfum skal haldið þannig við, að ekki sé sérstök hættu við falli á þeim. Hvarvetna þar sem umferð er, skal vera séð fyrir nægilegri birtu.

Útbúnaður, sem gerður er til varnar slysum, skal vera eins hentugur og frekast eru föng á og settur upp á réttan hátt. Honum skal haldið nægilega vel við.

###### 17. gr.

Enginn franleiðandi eða seljandi má láta af hendi vélar, vélahluta, verkfæri, áhöld eða annan útbúnað, sem lög þessi ná til, nema ákvæðum laga þessara og reglugerða, sem settar eru samkvæmt þeim, sé tryggilega fullnægt, og skal allur nauðsynlegur öryggisútbúnaður fylgja vélunum.

Sá, sem setur upp vélar, vélahluta, verkfæri, áhöld eða annan útbúnað, sem lög þessi ná til, ber ábyrgð á því, að ákvæðum laga þessara og reglugerða, sem settar eru samkvæmt þeim, sé fullnægt.

Ákvæði 1. og 2. málsg. þessarar greinar skerða þó á engan hátt ábyrgð þá, sem hvílir á vinnuveitanda samkvæmt lögum þessum.

Ráðherra getur ákveðið, að hver sá, sem lætur af hendi aflvélar, verkfæri eða annan útbúnað, sem lög þessi ná til, skuli tilkynna það öryggismálastjóra. Lætur öryggiseftirlitið þá í té ókeypiss eyðublöð fyrir tilkynningarnar.

Raforkuver skulu láta öryggiseftirlitinu í té upplýsingar um sölu þeirra á raforku, eftir nánari fyrirmælum ráðherra.

###### 18. gr.

Á sérhverjum vinnustað, sem lög þessi ná til, skal vera tiltækilegur útbúnaður til hjálpar í viðlögum, og skal útbúnaðurinn vera í samræmi við nánari fyrirmæli öryggismálastjóra. Sömuleiðis getur öryggismálastjóri krafizt þess af stærri fyrirtækjum, að þau búi út sérstakar slystofur eftir nánari fyrirmælum hans.

Í fyrirtækjum, þar sem slyshætta er veruleg, skal einn eða fleiri af verkamönnum hafa tekið þátt í námskeiði í hjálp í viðlögum, og hafi þá sá eða þeir verkamannanna einir umráð yfir útbúnaði þeim, sem er fyrir hendi til hjálpar í viðlögum.

###### 19. gr.

Sérhver vél, allur búnaður hennar, undirstöður og festing skal vera fulltraust og þannig frá öllu gengið, að notkun vélarinnar hafi sem minnsta slyshættu í för með sér. Ef nauðsynlegt er, skal vélin vera með hentugum öryggisbúnaði, sem byggður sé með henni, sé þess nokkur kostur.

Ef öryggismálastjóri telur það nauðsynlegt af öryggisástæðum, getur hann krafizt þess, að þannig sé frá vél og öryggisbúnaði hennar gengið, að eigi sé hægt að nota vélina, nema öryggisbúnaður hennar sé í fullu lagi.

Eigi má taka öryggisbúnað af vél meðan hún er í notkun.

Gangar ætlaðir til umferðar í vélarúmum eða öðrum stöðum, þar sem vélar eru í notkun, skulu vera svo breiðir og háir, að umferð þar sé hættulaus. Önnur bil milli

véla skulu vera lokuð, meðan önnur hvor eða báðar vélarnar eru í gangi, og á þann hátt, er öryggismálastjóri kann að segja fyrir um.

Meðan vél er í gangi má eigi leggja á hana reim, snúru eða annað þess háttar, hreinsa hana, smyrja eða gera annað svipað við hana, nema það sé óumflýjanlega nauðsynlegt og þá því aðeins, að gætt sé ýtrustu varkárni, t. d. þess, að viðkomandi verkamaður sé eigi þannig klæddur, að fötin auki hættuna.

Þegar eigi verður hjá því komizt, t. d. vegna viðgerðar eða annars þess háttar, að unnið sé nálægt eða við hættulegar vélar, skal þeim haldið kyrrum og þannig vera frá þeim gengið, að þær verði eigi settar í gang, unz vinnunni er lokið.

Eigi má nota hanzka, vettlinga eða annað þess háttar við vörzlu véla, ef það kann að auka slyshættu.

#### 20. gr.

Aflvélar skulu vera þannig gerðar, að ræsa megi þær hættulaust, sé gætt venjulegrar varkárni. Öryggismálastjóri getur sett nánari reglur um þetta atriði.

Þegar vélar eru tengdar aflvélinni, má ekki ræsa hana, fyrr en gefið hefur verið greinilegt merki um það, og skal merkið heyrast alls staðar þar, sem þess er þörf. Frá þessu ákvæði getur öryggiseftirlitið gefið undanþágu, ef slyshætta eykst ekki við það að þess álit.

#### 21. gr.

Frá öllum drifbúnaði skal tryggilega gengið og settar um hann hlífar allt eftir nánari fyrirmælum öryggismálastjóra.

#### 22. gr.

Frá vinnuvélum skal þannig gengið, að hægt sé að stöðva þær fljótt og hættulaust frá vinnustað, enda telji öryggiseftirlitið þá varúðarráðstöfun ekki ónauðsynlega.

Ef vinnuvél er reimknúin frá hreyfli eða drifás og ekki er hægt að ræsa, þegar vinnuvélin er í tengslum, skal vera þannig frá henni gengið, að hún verði á öruggan hátt tekin úr tengslum með búnaði, er öryggismálastjóri samþykkir.

#### 23. gr.

Ílát með gufu eða öðrum gastegundum, sem eru með yfirþrýstingi, skulu vera nægilega sterk og þannig frá þeim gengið að öðru leyti, að sem minnst hætta stafi af þeim. Sérstaklega skal þess gætt, að þrýstingsaukning í þeim hafi ekki verulega aukna hættu í för með sér.

#### 24. gr.

Gæzlu gufukatla og suðukatla, sem eru með yfirþrýstingi, má aðeins fá í hendur reglumönnum og áreiðanlegum mönnum, sem eru fullra 18 ára að aldri.

Sá, sem stendur fyrir gæzlu eða gætir á eigin ábyrgð gufuketils með hitafleti, sem er 30 m<sup>2</sup> eða meira, skal hafa vélstjórapróf eða hafa notið annarrar menntunar, sem ráðherra, í samráði við öryggismálastjóra og öryggisráð, telur fullnægjandi.

Þeir, sem gæta á eigin ábyrgð annarra gufukatla en þeirra, er getur í 2. málsg. þessarar greinar, þurfa að hafa notið þeirrar menntunar, er öryggismálastjóri tekur gilda, eða að sanna á annan hátt fyrir honum kunnáttu sína, t. d. með því að ganga undir próf hjá honum eða fulltrúa hans.

Verði gæzlumaður gufuketils sannur að sök um óreglu í starfi eða vitaverða óvarkárni, getur öryggismálastjóri svipt hann rétti til gæzlu gufuketils. Úrskurði öryggismálastjóra má áfrýja til öryggisráðs.

Ef ómögulegt er af óviðráðanlegum ástæðum að útvega til gæzlu gufuketils mann, sem hefur réttindi til þess, getur vinnuveitandi falið gæzluna manni, sem hann telur vel til þess fallinn, enda þótt hann hafi eigi rétt til gæzlu gufuketils. Þessi ráðstöfun skal strax tilkynnt öryggiseftirlitinu, og tekur það ákvörðun um, hversu lengi hún

megi haldast. Eigi má haga gæzlu gufuketils eins og segir í þessari málsgrein lengur en hálfan mánuð, nema samþykki öryggismálastjóra komi til.

Ráðherra getur, samkvæmt tillögum öryggisráðs og öryggismálastjóra, veitt undanþágur frá ákvæðum þessarar greinar fyrir einstaka gufukatla eða sérstakar gerðir gufukatla.

#### 25. gr.

Ker og önnur ílát, sem soðið er í eða brætt, svo og ílát með ætandi efnum eða öðrum hættulegum efnum, skulu vera þannig útbúin og þannig frá þeim gengið, að hættan af þeim sé svo lítil, sem verða má.

#### 26. gr.

Lyftitæki, gálgar, hengibrautir og önnur slík verkfæri skulu vera sterkbyggð og þannig gerð, að sem minnst hætta stafi af þeim fyrir verkamenn. Á þeim skal sérstaklega athuga:

1. hvort allir burðarhlutar (útleggjarar, keðjur, strengir og annað þess háttar) séu nægilega sterkir og sé vel haldið við;
2. að ofhleðsla eigi sér ekki stað;
3. að byrðin sé fest og losuð á öruggan hátt, og
4. að byrðin setji mann ekki í hættu, meðan hún er á lofti.

Um fermingu og affermingu skipa gilda eftirfarandi sérstök ákvæði: Á flutningsstykki, sem eru 1000 kg að þyngd með umbúðum eða meira og fermd eru í íslenzkri höfn, skal þunginn vera greinilega merktur og þannig, að merkingin máist ekki brátt af. Sé ómögulegt eða illgerlegt að ákveða þungann nákvæmlega, getur öryggiseftirlitið leyft, að ágizkaður þunginn sé merktur á umbúðirnar. Að öðru leyti setur ráðherra reglur um fermingu og affermingu skipa í samræmi við ákvæði þessara laga.

#### 27. gr.

Sé hætta á falli húsa, reykháfa, brúa, geyma eða annarra mannvirkja, falli eða skriðfalli moldarbakka, sands, malar, vörustafla eða annars þess háttar, skal gera nauðsynlegar öryggisráðstafanir, svo að eigi sé hætta á slysum á mönnum.

Þegar unnið er í brunnum, námum, gryfjum, kötlum, geymum eða öðru þess háttar, sömuleiðis þegar unnið er með eitruð efni, sprengifim efni eða efni, sem eru hættuleg á annan hátt, skal gera nægilegar öryggisráðstafanir, svo að eigi sé hætta á, að menn kafni, eitrist, verði fyrir slysi af völdum sprengingar eða slasist á annan hátt.

#### 28. gr.

Ef eigi er hægt að veita verkamönnum nægilega vernd gegn slysum eða sjúkdómum með öðrum hætti, skal gera sérstakar öryggisráðstafanir, þar sem því verður við komið, t. d. nota hentugasta fatnað, öryggisbelti eða hlífðarútbúnað þann, sem nefndur er í 21. tölulið 12. greinar.

Verkamenn eru skyldir að nota þann öryggisútbúnað, sem nefndur er í 1. málsgrein þessarar greinar, þegar þeir þarfnast hans við vinnu sína.

#### 29. gr.

Komi fyrir slys á vinnustað, svo að dauði verkamanns hljótist af, eða verði verkamaður fyrir slysi, sem er þess eðlis, að gera megi ráð fyrir að dómi læknis, að Almannatryggingarnar verði bótaskyldar, skal vinnuveitandi tilkynna það öryggiseftirlitinu svo fljótt, sem verða má, og eigi síðar en að einum sólarhring liðnum. Öryggiseftirlitið skal krefjast rannsóknar á orsökum slyssins.

Verði verkamaður veikur af sjúkdómi, sem stafar af atvinnu hans, skal tilkynna það á sama hátt og þegar um slys er að ræða (sbr. 1. málsgrein þessarar greinar).



30. gr.

Hafi læknir verkamann til lækninga, sem þjáist af atvinnusjúkdómi (sbr. 49. gr. laga nr. 50/1946, um almannatryggingar), skal læknirinn tilkynna sjúklinginn og sjúkdóminn til héraðslæknis, er síðan tilkynnir það öryggiseftirlitinu.

Ráðherra setur, í samráði við öryggismálastjóra og öryggisráð, nánari reglur um ákvæði 1. málsgreinar þessarar greinar. Þar getur hann og ákveðið, að tilkynningar-skyldan nái til fleiri sjúkdóma en þeirra, er 1. málsgreinar þessarar greinar nær til, enda geti þeir stafað af aðbúnaði á vinnustað eða öðru, er vinnuna snertir.

V. KAFLI

Lágmarkshvildartími verkamanna o. fl.

31. gr.

Vinnu skal þannig hagað, að sérhver verkamaður geti notið samfelldrar hvíldar frá vinnu sinni, er eigi sé skemmri en 8 klst. á sólarhring.

Ákvæði 1. málsgreinar þessarar greinar ná þó eigi til:

1. hvers konar björgunarstarfs;
2. björgun hvers konar framleiðslu frá skemmdum;
3. annars konar vinnu, sem ráðherra, í samráði við öryggismálastjóra og öryggisráð, kann að tiltaka í reglugerð.

Þegar undantekningarákvæði 2. málsgreinar þessarar greinar eru í gildi, skal haga vinnu þannig, að verkamenn geti notið samanlagðs lágmarkshvildartíma á þrem sólarhringum.

32. gr.

Bifreiðastjórar, sem flytja fólk, og stjórnendur véla, sem mönnum getur stafað hættu af, skulu eigi hafa lengri vinnutíma en 12 klst. á sólarhring.

33. gr.

Meðan vinna stendur yfir skulu verkamenn fá hæfilega langa hvíldartíma með hæfilegu millibili. Getur ráðherra, í samráði við öryggismálastjóra og öryggisráð, gefið út nánari reglur um ákvæði þessarar greinar.

VI. KAFLI

Eftirlit með framkvæmd laganna.

34. gr.

Eftirlit með því, að ákvæðum laga þessara og reglugerða settum samkvæmt þeim sé framfylgt, hefur sérstakt öryggiseftirlit, sem stjórnað er af öryggismálastjóra. Ráðherra skipar öryggismálastjóra og fasta starfsmenn öryggiseftirlitsins.

Ráðherra setur öryggiseftirlitinu starfsreglur í samráði við öryggisráð.

35. gr.

Fastir starfsmenn öryggiseftirlitsins eru öryggismálastjóri, öryggiseftirlitsmaður, skoðunarmenn og annað starfsfólk skrifstofu eftirlitsins, og taka þeir laun samkvæmt launalögum, en ráðherra ákveður umdæmisskoðunarmönnum (sbr. 37. gr.) þóknun fyrir störf þeirra.

Öryggiseftirlitið hefur samráð við hlutaðeigandi héraðslækni í öllum málum, er snerta heilbrigði verkamanna.

Trúnaðarlæknir öryggiseftirlitsins er kennari við Háskóla Íslands í heilsufræði.

Eigi mega starfsmenn öryggiseftirlitsins hafa eftirlit í fyrirtækjum, þar sem þeir hafa fjárhagslegra hagsmuna að gæta.

36. gr.

Öryggismálastjóri og öryggiseftirlitsmaður skulu vera véla- eða efnafræðingar, en skoðunarmenn skulu færa sónnur á, að þeir hafi nægilega þekkingu að dómi öryggismálastjóra og öryggisráðs.

Ákvæði 1. málsg. þessarar greinar koma þó ekki til framkvæmda að því er snertir núverandi starfsmenn véla- og verksmiðjueftirlitsins.

Aðalmenn og varamenn öryggisráðs geta ekki jafnframt verið starfsmenn öryggiseftirlitsins.

37. gr.

Ráðherra skiptir landinu í eftirlitsumdæmi í samráði við öryggismálastjóra og öryggisráð og skipar skoðunarmenn í hvert þeirra. Umdæmisskoðunarmenn eru umboðsmenn öryggiseftirlitsins hver í sínu umdæmi, og framkvæma þeir vandaminni skoðanir undir eftirliti öryggiseftirlitsmanna og öryggismálastjóra.

38. gr.

Þar sem slysaþætta er mikil eða vinna þess eðlis, að sérstök hættu sé á, að verkamenn bíði tjón á heilsu sinni, skal starfrækslan skoðuð reglulega samkvæmt nánari ákvörðun öryggismálastjóra og öryggisráðs. Önnur starfræksla skal skoðuð, þegar öryggiseftirlitið álitur þess þörf eða ef sérstakt tilefni er til, t. d. vegna breytinga, slysa, er orðið hafa, eða samkvæmt beiðni. Öll stærri fyrirtæki skulu þó skoðuð a. m. k. einu sinni á ári.

Starfsmenn öryggiseftirlitsins skulu fylgjast með því eftir föngum, að lög þessi séu haldin, en jafnframt skulu þeir beita áhrifum sínum í þá átt, að samvinna takist milli vinnuveitanda, verkstjóra og verkamanna til eflingar aukinnar varkárni sérhvers verkamanns, að öryggisútbúnaður og aðrar ráðstafanir til aukins öryggis komi að sem beztu gagni og að umbætur verði gerðar á öryggisútbúnaði. Verkamönnum og trúnaðarmönnum þeirra er heimilt að bera fram kvartanir við öryggiseftirlitið og gera tillögur til umbóta á öryggisútbúnaði. Sé trúnaðarmönnum verkamanna kunnugt um, að eigi sé farið eftir ákvæðum laga þessara, er þeim skylt að tilkynna það öryggiseftirlitinu. Með allar slíkar umkvartanir eða tilkynningar skal fara sem trúnaðarmál.

39. gr.

Öryggiseftirlitið skal beita sér fyrir rannsóknnum á útbreiðslu atvinnusjúkdóma og vinna að útrýmingu þeirra.

Trúnaðarlæknir er öryggiseftirlitinu til aðstoðar í öllum þeim málum, sem snert geta heilbrigði verkamanna, og leita skal álits hans áður en læknisskoðun er fyrirskipuð samkv. 9. gr. þessara laga.

Ráðherra setur, í samráði við öryggismálastjóra og öryggisráð, nánari reglur um starfssvið trúnaðarlæknisins.

40. gr.

Öllum starfsmönnum öryggiseftirlitsins skal hvenær sólarhrings sem er heimill frjáls aðgangur að sérhverjum vinnustað, sem lög þessi ná til, enda geri þeir vinnuveitanda ekki ónæði utan venjulegs vinnutíma, nema nauðsyn krefji. Þeim er heimilt að krefjast nauðsynlegra upplýsinga starfi sínu viðkomandi af vinnuveitanda og sérhverjum verkamanni, sem er í vinnu eða hefur verið í vinnu einhvern tíma síðustu þrjú mánuði. Þeim er og heimilt að skoða skjöl þau og skilríki, sem eiga að vera fyrir hendi samkvæmt þessum lögum.

Starfsmenn öryggiseftirlitsins mega ekki nota aðstöðu sína til að afla sér annarra upplýsinga um starfræksluna en þeirra, sem eru nauðsynlegar eða kunna að verða nauðsynlegar vegna eftirlitsins. Eigi mega þeir heldur láta öðrum í té upplýsingar um starfræksluna, verkamenn eða aðra aðila, ef þeir hafa fengið vitneskjuna v gna eftirlits síns og ástæða er til að ætla, að henni skuli haldið leyndri.

41. gr.

Ef öryggiseftirlitið hefur krafizt þess með hæfilegum fyrirvara af einhverju fyrirtæki, að öryggisútbúnaður verði lagfærður eða nýjum öryggisútbúnaði komið fyrir og lagfæringin hefur eigi verið gerð, þegar frestur sá er liðinn, sem öryggiseftirlitið hefur gefið til framkvæmdanna, getur öryggismálastjóri látið framkvæma lagfæringarnar á kostnað fyrirtækisins. Slíkan kostnað má innheimta jafnhliða opinberum gjöldum, og fylgir lögtaksréttur þeim kröfum.

Telji öryggiseftirlitið sérstaka hættu á ferðum fyrir líf eða heilbrigði verkamanna eða annarra, getur það krafizt þess, að strax sé bætt úr því, sem ábótavant er, eða látið hætta vinnu í þeim hluta starfrækslunnar, sem þannig er á sig kominn.

42. gr.

Ákvörðunum öryggismálastjóra skv. 41. gr. þessara laga má innan hálfis mánaðar áfrýja til ráðherra, sem kveður upp úrskurð um deiluefnið í samráði við öryggisráð.

Áfrýjun samkvæmt 1. málsg. þessarar greinar frestar ekki framkvæmd aðgerða eftir ákvæðum 2. málsg. 41. gr. þessara laga.

43. gr.

Öryggismálastjóri gerir, í samráði við öryggisráð, útdrátt úr þessum lögum og reglugerðum, sem settar verða samkvæmt þeim. Útdrætti þessa skal festa upp á vinnustað, eftir því sem við á, og skal þannig frá þeim gengið, að verkamenn eigi auðvelt með að kynna sér efni þeirra. Öryggisráð getur þó veitt undanþágu frá ákvæðum þessarar greinar í samráði við öryggismálastjóra.

Öryggismálastjóri getur fyrirskipað vinnuveitanda að festa upp greinilegar aðvaranir á stöðum, þar sem sérstök nauðsyn er vegna slyshættu eða annars, er lög þessi varðar.

44. gr.

Læknar og sjúkrahús skulu tilkynna héraðslækni alla sjúklinga, sem eru til lækninga hjá þeim og eru með sjúkdóma, sem stafa eða kunna að stafa af atvinnu þeirra, en héraðslæknir gerir öryggiseftirlitinu síðan aðvart. Ráðherra setur, í samráði við landlækni og öryggisráð, nánari reglur um tilkynningarskyldu þessa.

45. gr.

Í hverju fyrirtæki, þar sem 5 verkamenn eða fleiri vinna að staðaldri, skulu þeir velja sér trúnaðarmann, er viðurkenndur sé af vinnuveitanda.

Trúnaðarmaður verkamanna skal fylgjast með starfstillögum í fyrirtækinu í samráði við vinnuveitanda og líta eftir, að haldnar séu settar reglur um öryggisútbúnað og hollustuhætti. Vinnuveitandi og verkstjórar skulu ráðgast við trúnaðarmann um allt það, er snertir öryggi verkamanna við vinnu og annan aðbúnað þeirra.

Hafi trúnaðarmaður verkamanna kvartað við vinnuveitanda eða verkstjóra um eitthvert atriði, er snertir öryggi verkamanna við vinnu og annan aðbúnað þeirra, skal trúnaðarmanninum tilkynnt að hæfilegum tíma liðnum, hvað gert verður vegna umkvörtunarinnar.

Öryggiseftirlitsmenn skulu jafnan leita upplýsinga um viðkomandi fyrirtæki hjá trúnaðarmanni verkamanna, þegar litið er eftir fyrirtækinu, en trúnaðarmaður er skyldur að gefa eftirlitsmönnum þær upplýsingar um fyrirtækið, er hann getur í té látið og snerta öryggi verkamanna við vinnu eða hollustuhætti.

Trúnaðarmaður verkamanna nýtur þeirrar verndar, sem ákveðin er í 11. gr. laga nr. 80/1938, um stéttarfélög og vinnudeilur.

46. gr.

Vinnuveitendum, verkstjórum og trúnaðarmönnum verkamanna skulu látin í té ókeypis lög þessi sérprentuð og reglugerðir, sem settar verða samkvæmt þeim, eftir því sem við á.

## VII. KAFLI

### Öryggisráð.

#### 47. gr.

Ráðherra skipar fimm manna öryggisráð til sex ára í senn. Hann skipar formann þess án tilnefningar, en tvo verkamenn og tvo fulltrúa vinnuveitenda samkvæmt tilnefningu eftirtaldrá aðila:

1. Alþýðusambands Íslands,
2. Félags íslenzkra iðnrekenda og
3. Landssambands iðnaðarmanna,

einn frá hvorum hinna fyrsttöldu, en tvo frá hinum síðasttalda, og sé annar þeirra starfandi sveinn, er útnefningin fer fram, en hinn meistari.

Varamenn skulu skipaðir jafnmargir og á sama hátt.

Ráðherra setur öryggisráðinu starfsreglur og ákveður því þóknun fyrir störf þess.

Kostnaður við störf öryggisráðs greiðist úr ríkissjóði.

#### 48. gr.

Ráðherra og öryggismálastjóri geta krafizt af öryggisráðinu yfirlýsingar um mál, er snerta öryggi verkamanna við vinnu og önnur atriði, er lög þessi ná til. Öryggisráðið tekur til athugunar þau mál, sem lög þessi ná til, og lætur álit sitt á þeim í ljós við ríkisstjórnina og öryggiseftirlitið. Það skal og gera tillögur til ráðherra um breytingar á þessum lögum og viðauða við þau, ef því þykir ástæða til.

## VIII. KAFLI

### Eftirlitsgjald.

#### 49. gr.

Til að standast kostnað af framkvæmd laga þessara skulu eigendur þeirra fyrirtækja, er lög þessi ná til, greiða árlega í ríkissjóð eftirlitsgjald samkvæmt gjaldskrá, er ráðherra setur í samráði við öryggismálastjóra og öryggisráð. Eftirlitsgjaldið skal miðað við orkunotkun og vélafjölda fyrirtækis eða fjölda verkamanna, sem vinna í fyrirtækinu, eða hvort tveggja, rúmmál húsa í smíðum, magn þeirrar vöru, sem flutt er úr eða í skip, stærð íbúðarskýla verkamanna og vinnustofa án véla, og enn fremur skal greiða skrásetningargjald nýrra véla miðað við innkaupsverð þeirra. Eftirlitsgjaldið innheimtist jafnhliða opinberum gjöldum, og fylgir því lögtaksréttur.

Þrátt fyrir ákvæði 1. gr. þessara laga er ráðherra heimilt, í samráði við öryggisráð, að undanþiggja þá starfrækslu eftirlitsgjaldinu, þar sem fimm verkamenn eða færri vinna, eða notuð er orka, sem eigi fer fram úr 3 hö, enda sé vinnu þannig háttáð, að eftirlit sé miður nauðsynlegt.

## IX. KAFLI

### Refsiákvæði.

#### 50. gr.

Brot gegn lögum þessum eða reglugerðum settum samkvæmt þeim varða sektum frá 50—5000 krónum, nema þyngri hegning liggji við að öðrum lögum. Sektirnar renna í ríkissjóð.

#### 51. gr.

Með mál út af brotum á lögum þessum eða reglugerðum settum samkvæmt þeim skal farið sem almenn lögglumál.

## X. KAFLI Ýmis ákvæði.

### 52. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi numin lög nr. 24 7. maí 1928, um eftirlit með verksmiðjum og vélum, lög nr. 102 3. maí 1935, um viðauka við lög nr. 24 frá 7. maí 1928, um eftirlit með verksmiðjum og vélum, og lög nr. 72 7. maí 1940, um breyting á lögum nr. 24 7. maí 1928, um eftirlit með verksmiðjum og vélum.

### 53. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

### Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Svo hljóðandi ályktun var samþykkt á Alþingi 16. maí 1947:

„Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að láta fara fram endurskoðun á gildandi lögum og reglugerðum um eftirlit með verksmiðjum og vélum. Endurskoðuninni skal hraða sem verða má og árangur hennar lagður fyrir næsta reglulegt Alþingi.“

Samkvæmt þessari ályktun skipaði samgöngumálaráðherra með bréfi dags. 14. nóv. 1947 fimm manna nefnd „til að endurskoða gildandi lög og reglugerðir um eftirlit með verksmiðjum og vélum“. Eftir tilnefningu Alþýðusambands Íslands var skipaður í nefndina Kristinn Ág. Eiríksson, járnsmiðameistari, eftir tilnefningu Félags íslenzkra iðnrekenda Páll S. Pálsson, lögfræðingur, og eftir tilnefningu Landsambands iðnaðarmanna Guðmundur H. Guðmundsson, húsgagnasmíðameistari, en tveir menn voru skipaðir í nefndina án tilnefningar, þeir Jón E. Vestdal, verkfræðingur, og Sæmundur E. Ólafsson, gjaldkeri Sjómannafélags Reykjavíkur.

Formaður nefndarinnar var skipaður Jón E. Vestdal.

Í áður nefndu bréfi ráðuneytisins segir enn fremur:

„Endurskoðuninni óskast hraðað sem verða má, svo unnt sé að leggja árangur hennar fyrir næsta reglulegt Alþingi.“

Til viðbótar því, er segir í skipunarbréfi samgöngumálaráðuneytisins, fól samgöngumálaráðherra nefndinni enn fremur að athuga, hvernig eftirlitið samkvæmt lögum um eftirlit með verksmiðjum og vélum (lög nr. 24/1928) hefðu verið rækt að undanfögnu.

Skömmu eftir að nefndarmönnum hafði borizt skipunarbréf ráðherra tóku þeir til starfa, og hefur nefndin síðan haldið 50 bókfærða fundi, hinn fyrsta 26. nóv. 1947, hún hefur haft tal af fjölmörgum mönnum úr hópi verkamanna og vinnuveitenda til að kynna sér viðhorf þeirra til þessara mála, hún hefur skoðað verksmiðjur og aðra vinnustaði hér í Reykjavík og í nágrenninu og annars staðar á landinu, og hún hefur reynt að afla sér sem beztra upplýsinga um lagafyrirmæli annarra þjóða í því efni, sem hér er um að ræða. Nefndin hefur viðað að sér ýmsum öðrum upplýsingum, sem hún hefur talið vera til gagns fyrir störf sín, og er þeirra að nokkru getið í greinargerð þeirri fyrir frumvarpi til laga um öryggisráðstafanir á vinnustöðum, er hér fer á eftir, en jafnframt er þeirra aflað með það fyrir augum, að þær gætu orðið til gagns við endurskoðun reglugerða settra samkvæmt lögum um eftirlit með verksmiðjum og vélum, er nefndinni var jafnframt falið að endurskoða.

### I. Gildandi lagafyrirmæli um öryggisráðstafanir á vinnustöðum.

Fyrst voru sett lög um öryggisráðstafanir á vinnustöðum hér á landi 1928, og eru það lög nr. 24/1928, um eftirlit með verksmiðjum og vélum. Nafnið á lögnum er rangnefni, því að í þeim er ekki einungis gert ráð fyrir eftirliti með verksmiðjum og vélum, heldur eru einnig eftirlitsskyld samkvæmt 1. gr. laganna „verkstæði

og vinnustöðvar, þar sem þeir menn hið fæsta vinna saman að jafnaði“. Ná lögin því til velflestra vinnustöðva hér á landi, og eigi einungis til verksmiðja og verkstæða.

Lög þessi eru enn í gildi lítt breytt. Á þeim hafa verið gerðar þær einar breytingar, að árið 1940 var lítillega breytt tilhögun eftirlitsins og innheimtufyrirkomulagi gjalds þess, er eftirlitsskyld fyrirtæki skyldu inna af hendi (lög nr. 72/1940). Þá hefur og verið gefinn út viðauki við þessi lög, þar sem mælt er fyrir um, að ráðherra sé heimilt að setja í reglugerð ákvæði um eftirlit með fermingu og affermingu skipa til verndar lífi og heilsu verkamanna og um gerð og frágang verkpalla við hvers konar vinnu (lög nr. 102/1935 um viðauka við lög nr. 24 frá 7. nóv. 1928, um eftirlit með verksmiðjum og vélum).

Nokkrar reglugerðir hafa verið gefnar út samkvæmt lögum þessum. Fyrst var gefin út allýtarleg almenn reglugerð um eftirlit með verksmiðjum og vélum 1929 (reglugerð nr. 10/1929 um eftirlit með verksmiðjum og vélum). Þá var gefin út reglugerð um eftirlit með lyftum (reglugerð nr. 56/1929), reglugerð um meðferð og framleiðslu á gasi til iðnaðar og um búnað og meðferð hylkja fyrir þjappað loft, svo og um hreinsun og viðgerð á benzintunnum (reglugerð nr. 14/1933). Breyting var gerð á hinni fyrstu almennu reglugerð fyrst 1933 (reglugerð nr. 91/1933, um viðauka við reglugerð um eftirlit með verksmiðjum og vélum, 16. febr. 1929), aftur 1934 (rgj. nr. 15/1934) og að síðustu árið 1941 (rgj. nr. 95/1941) og þá tekin upp ákvæði, sem vart hafa stoð í lögum. Loks var á síðastliðnu ári gefin út reglugerð um öryggisútbúnað sýningartækja við kvikmyndasýningar (reglugerð nr. 49/1947). Gjaldskrá sú, sem nú er í gildi, var gefin út 12. marz 1941. — Loks er að geta erindisbréfa fyrir skoðunarmenn verksmiðja og véla í I. skoðunarumdæmi og utan I. skoðunarumdæmis (erindisbréf nr. 30 og nr. 31 12. marz 1941).

Heimild sú í áðurnefndum viðaukalögum (lög nr. 102/1935), að setja megi í reglugerð ákvæði um „eftirlit með fermingu, affermingu og aunarri afgreiðslu skipa hér við land, til verndar lífi og heilsu verkamanna, sem að því starfi vinna, og annarra“, hefur ekki verið notuð, eigi heldur heimild sú í sömu viðaukalögum, að setja megi í reglugerð ákvæði um „gerð og frágang verkpalla við hvers konar vinnu og um eftirlit með þeim“.

## II. Eftirlit með verksmiðjum og vélum samkv. lögum nr. 24/1928.

Skömmu eftir að áðurnefnd lög um eftirlit með verksmiðjum og vélum gengu í gildi, eða nánar til tekið 9. júní 1929, voru skipaðir 2 skoðunarmenn samkv. 23. gr. laganna, og jafnframt var eftirlitsskyldum fyrirtækjum gert að greiða eftirlitsgjald samkv. 23. gr. laganna. Hélzt þessi skipun til ársloka 1931, og var þá öðrum manningum sagt upp starfinu. Höfðu orðið vandkvæði á innheimtu eftirlitsgjaldsins, og var það nú lækkað niður í þriðjung þess, er það hafði áður verið. Skyldi eftirlitsmaðurinn nú sjálfur innheimta gjaldið. Nokkru seinna var eftirlitsgjaldið enn lækkað nokkuð. Þetta fyrirkomulag hélzt óbreytt til ársloka 1940, en á því ári hafði verið gerð breyting á lögum þess efnis, að tilhögun eftirlitsins og innheimtufyrirkomulagi eftirlitsgjaldsins hafði verið breytt. Þá var bætt við einum manni til eftirlitsstarfa og jafnframt skipaðir fimm skoðunarmenn, er höfðu búsetu utan Reykjavíkur, og skyldu þeir framkvæma minni háttar skoðanir, enda hafði verksmiðjum og öðrum eftirlitsskyldum fyrirtækjum fjölgað stórlega. Engin veruleg breyting hefur verið gerð á eftirlitinu síðan, en þó hefur verksmiðjum og ýmsum vinnuvélum fjölgað enn mikið á þessum árum, einkum þó hin síðustu ár.

Um eftirlitið má að öðru leyti vísa til bréfs verksmiðjusköðunarstjórans, Þórðar Runólfssonar, dags. 22. sept. 1948, er hann hefur sent nefndinni og látið er fylgja þessari greinargerð (fylgiskjal II).

Undanfarið hefur allmikið verið deilt á verksmiðju- og vélaeftirlitið, sem svo er nefnt. Hafa slíkar ádeilur m. a. birzt í skjölum Alþingis og eigi síður í ræðum

einstakra þingmanna, t. d. við umræðurnar um ofangreinda þingsályktun. Mun það einkum hafa verið vegna þeirra umræðna, að samgöngumálaráðherra fól nefndinni að athuga, hvernig eftirlit þetta hefði verið rækt að undanfögnu.

Nefndin hefur gert sér mikið far um að kynnast störfum eftirlitsins sem bezt og haft af því mikla fyrirhöfn. Í því skyni hefur hún m. a. haft tal af fjöldamörgum fulltrúum verkamanna og vinnuveitenda. Hún hefur skrifað öllum verkalýðsfélögum á landinu, öllum iðnaðarmannafélögum, öllum félagsmönnum Félags íslenzkra iðnrekenda og öllum þeim fyrirtækjum, sem skoðuð hafa verið af verksmiðju- og vélaeftirlitinu. Þá hefur nefndin og skoðað margar verksmiðjur og aðrar vinnustöðvar til að kynnast ástandi þeirra af eigin sjón og hafa tal af þeim mönnum, sem við fyrirtækin hafa starfað og fyrir þeim staðið. Enn fremur óskaði nefndin eftir skýrslu þeirri frá verksmiðjuskoðunarstjóranum, sem birt er hér á eftir sem fylgiskjal I.

Í ofangreindu bréfi nefndarinnar dags. 25. febr. 1948 til verkalýðssamtaka og vinnuveitenda segir svo m. a.:

„Fyrir störf nefndarinnar við undirbúning þessara mála er það henni einkar nauðsynlegt að fá sem gleggstar og viðtækastar upplýsingar frá þeim aðilum, er lögin varða, um viðhorf þeirra til þessara laga og annarra fyrirmæla, er hér að lúta. Er athygli yðar því hér með vakin á störfum nefndarinnar og þeim vinsamlegu tilmælum beint til yðar, að þér látið henni í té:

- a. óskir yðar um þá viðauka eða breytingar, er þér teljið æskilegt, að gerðar séu á núgildandi fyrirmælum áðurgreindra laga og reglugerða;
- b. hverjar þær upplýsingar aðrar, er þér álitíð, að nefndinni geti komið að gagni, svo sem það, hvernig yður virðizt lögin og framkvæmd þeirra hafa gefizt hingað til.

Þess má sérstaklega geta, að núgildandi lög um eftirlit með verksmiðjum og vélum ná einnig til eftirlits með „verkstæðum og vinnustöðvum, þar sem þrír menn hið fæsta vinna að jafnaði“ (1. gr.). Auk þess hefur nefndin til athugunar að fella inn í væntanlegt lagafrumvarp ákvæði um lágmarkshvildartíma starfsmanna, og eruð þér einnig beðnir um álit yðar á því atriði“.

Í samtölum þeim, sem nefndin átti við fulltrúa verkamanna og vinnuveitenda á fundum sínum, var spurt svipaðra spurninga, einnig í viðræðum nefndarmanna við einstaka verkamenn og vinnuveitendur, þegar skoðuð voru fyrirtæki.

Svarbréf hafa nefndinni borizt allmörg og þó miklu færri en vænta mátti, og eru þau yfirleitt mjög fáorð um það atriði, sem hér er um að ræða, hvernig eftirlitið hafi verið rækt af verksmiðju- og vélaeftirlitinu. Aðeins eitt félag kvartar um framkvæmd eftirlitsins, Verkamannafélagið Hlíf í Hafnarfirði, og segir m. a. svo í bréfi til nefndarinnar, dags. 16. apríl s l.:

„Reynsla af núgildandi lögum um eftirlit með verksmiðjum og vélum er að því leyti er oss er kunnugt sú, að í framkvæmdinni hafa þau verið aðeins til á pappírnum, því að þeir, er sjá hafa átt um framkvæmd þeirra, eftirlitsmennirnir, hafa ekki látið sjá sig, nema endrum og eins, og því ekki séð um, að nefndum lögum væri framfylgt. Starfandi eru í þessum bæ verkstæði og verksmiðjur, sem aldrei hafa verið skoðuð af eftirlitsmönnum. Sömuleiðis eru í notkun stórvirkar vélar og áhöld, er aldrei hafa verið skoðuð.“

Vegna bréfs þessa spurðist nefndin fyrir um það hjá verkamannafélaginu Hlíf, hver þessi verkstæði, verksmiðjur, vélar og áhöld væru, sem aldrei hefðu verið skoðuð. Þeirri fyrirspurn nefndarinnar svaraði verkamannafélagið, og er í bréfi þess dags. 27. ág. s. l. tilgreind

1. verksmiðja, sem tók til starfa á s. l. vetri, en hafði ekki verið skoðuð, er bréfið var skrifað;
2. fjórir stórir kranar knúnir rafnagni, sem notaðir eru til að ferma og afferma skip og hafa verið í notkun a. m. k. hálfan annan áratug, en hafi aldrei verið skoðaðir, og

3. stórvirk áhöld og vélar (kranar o. fl.), sem notaðar hafa verið við hafnargerðina, en hafi ekki verið skoðuð þann tíma, sem þau hafi verið notuð þar á staðnum.

Bréf þetta frá verkamannafélaginu Hlíf í Hafnarfirði sýndi nefndin verksmiðju-skoðunarstjóranum, Þórði Runólfssyni, og hefur henni borizt eftirgreint svar frá honum, dags. 29. sept. s. 1.:

„Verksmiðja sú, er um ræðir, hefur starfað fyrr en á síðastliðnum vetri og verið skoðuð af eftirlitinu, en ekki þá skrásett, með því að hún var talin vera í smiðum. Verksmiðjan var síðan flutt og umbyggð á síðastliðnu ári. Framkvæmdastjóri verksmiðjunnar hitti skoðunarmann eftirlitsins að máli á síðastliðnu hausti og ræddi þá við hann um breytinguna og kvaðst mundu tilkynna eftirlitinu, þegar er hann væri tilbúinn til að hefja vinnslu, en sem hann ekki hefur enn gert. Mun verksmiðjan hafa starfað eitthvað á síðastliðnum vetri án þess að eftirlitinu væri kunnugt um það, en er nú á ný undirlögð viðtækri endurbyggingu og stækkun. Eftirlitið hefur að sjálfsgöðu vitað þetta brot á tilkynningarskyldu framkvæmdastjórans, en ekki kært það til lögreglunnar.

Fram til ársins 1941, að breyting var gerð á fyrirkomulagi eftirlitsins, voru að jafnaði skoðaðir 2 kranar, sem þá voru í notkun á bæjarbryggju Hafnarfjarðar, en fyrir einhver óvenjuleg mistök hafa þeir fallið niður af skrá og þess vegna ekki verið skoðaðir af hinum nýja eftirlitsmanni.

Hefur þetta nú verið athugað og reyndust kranarnir ekki einungis 4 eins og stendur í bréfinu, heldur 6. Hafa 4 krananna 1500 kg lyftimagn, en 2 þeirra 750 kg lyftimagn. Við skoðun reyndust kranarnir allir í góðu ásigkomulagi, að því undanskildu, að lagfæra þurfti festingu á öðrum minni krananum og krók á einum stærri krananna. Er þetta leið og lítt afsakanleg mistök, að skoðun á þessum tækjum skyldi falla niður um svo langt skeið, þar eð eftirlitið hafði áður „fundið“ og skoðað reglulega tvo af krönunum.

Varðandi hinar stórvirku vélar, sem sagt er, að séu í notkun við hafnargerð Hafnarfjarðar, en aldrei verið skoðaðar, hef ég þessu til að svara:

Meðan unnið var að hafnargerðinni norðan fjarðarins var þar í notkun eimknúinn krani, sem að jafnaði var skoðaður, og var hann síðast skoðaður árið 1945, en síðan hefur eftirlitsmaðurinn ekki getað fundið hann þar til nú, að hann frétti, að hann lægi sundurtekinn nálægt fyrrgreindu vinnusvæði. Hins vegar hefur eftirlitinu ekki borizt nein tilkynning um hið nýja vinnusvæði sunnan fjarðarins, en það fann eftirlitsmaðurinn nú að gefnu tilefni, og reyndust eftirfarandi vélar þar í notkun:

Í grjótnámi á Hvaleyrarholti: 2 mótorknúinir kranar með 6 tonna lyftimagni.  
1 loftpressa með loftkút, mótorknúin.  
1 ca. tveggja tonna mótorknúin vélskófla.

Við hafnargerð: Einn mótorknúinn krani með 5 tonna lyftimagni.

Við skoðun reyndust tæki þessi að mestu í lagi.

Þar sem tæki þessi aldrei hafa verið tilkynnt eftirlitinu, er hér um freklegt brot á tilkynningarskyldunni að ræða. Þarf ég ekki að lýsa því, hversu ördugt eftirlitinu er að fylgjast með ástandi farandvéla, nema því berist hverju sinni tilkynning um, hvar þær eru í notkun. Má ef til vill finna eftirlitinu það til áfellis, að það hefur ekki að jafnaði kært til lögreglunnar og látið þá, sem vanrækja að tilkynna, sæta sektum.

Ég vil að lokum geta þess, að frá Verkamannafélaginu Hlíf hefur eftirlitinu aldrei borizt bending eða kvörtun um, að framangreind eða önnur tæki væru óskoðuð í notkun, en það tel ég, að hefði verið eðlilegt, að það hefði gert, og jafnvel skylda þess, eftir að það varð þess áskynja, að skoðun hefði ekki farið fram um lengri tíma.

Ef dæma ætti eftirlitið eftir þeim kvörtunum, sem því hafa borizt frá verkamönnum eða trúnaðarmönnum þeirra á vinnustöðvum, mætti ætla, að óánægja þeirra yf. framkvæmd þess væri ekki mikil.“



Svipuð ummæli og þau, er greinir í ofan nefndu bréfi verkamannafélagsins Hlífar, hefur nefndin tíðum heyrt, enda þótt ekki hafi verið gengið eins ríkt eftir að fá þau staðfest.

Hins er og að geta, að nefndinni hafa ósjaldan borizt til eyrna ummæli um verksmiðju- og vélaeftirlitið, sem eru alger andstæða þess, er að ofan greinir. Er þá skemmst að minnast fundar, sem nefndin hélt með iðnrekendum 6. okt. s. l., og voru þar mættir þrír menn úr stjórn Félags íslenzkra iðnrekenda auk þriggja annarra félagsmanna. Var það sameiginlegt álit þessara manna, að vélaeftirlitsmenn ríkisins hefðu rækt starf sitt vel og staðið sig ágætlega í starfinu. Þeir létu þessa getið m. a.:

1. Skoðun hefði farið fram að jafnaði árlega í þeim fyrirtækjum, sem þeim væri kunnugt um.
2. Ef ný vél hefði verið tilkynnt eftirlitinu, hefði verið komið að skoða hana.
3. Eftirlitsmennirnir hefðu gengið eftir því, að það yrði lagfært innan tiltekins tíma, sem aðfinnsluvert var.
4. Eftirlitsmennirnir hefðu oftlega aðstoðað við að koma vélum og öðrum útbúnaði þannig fyrir, að allt væri samkvæmt fyrirmælum gildandi laga.

Þessi umsögn iðnrekenda er ekki heldur neitt einsdæmi. Mörg fleiri svipuð dæmi mætti tilfæra. En þess má geta, að nefndinni er ekki kunnugt um neitt annað dæmi þess en það, er að framan greinir í bréfi verksmiðjuskoðunarstjórans til nefndarinnar vegna ásakana verkamannafélagsins Hlífar, að skoðun hafi ekki farið fram á vél eða verksmiðju, hafi hún verið tilkynnt eftirlitinu eða því verið kunnugt um tilveru hennar með öðrum hætti.

Nefndin óskaði eftir því, að verksmiðjuskoðunarstjórinn gæfi henni skýrslu um allar skoðanir eftirlitsins, sem framkvæmdar hafa verið undanfarin þrjú ár, svo að hægt væri að gera sér nokkra hugmynd um starfsemi eftirlitsins í heild. Skýrsla þessi fylgir greinargerðinni sem fylgiskjal I. Til að reyna sannleiksgildi skýrslunnar hafði nefndin þá aðferð, að velja 20 fyrirtæki af handahófi út úr henni og spyrjast fyrir um það hjá fyrirtækjunum, hvornig skoðun hefði verið framkvæmd undanfarin ár og hvort gerðar hefðu verið athugasemdir af eftirlitinu við viðkomandi fyrirtæki. Upplýsingar þær, sem þannig fengust, voru í öllum atriðum í samræmi við skýrsluna. Gerir nefndin því ráð fyrir, að hún sé sannleikanum samkvæm og þótti ekki vera ástæða til að hafa rannsókn þessa viðtækari, þar sem öllu bar vel saman.

Skoðanir þær, sem um getur í skýrslunni, eru að langmestu leyti framkvæmdar af tveim mönnum. Nefndin telur sig ekki vera dómbæra á það, hvort þær, ásamt skrifstofuvinnu í sambandi við þær, séu hæfilegt starf tveggja manna eða ekki. En skrifstofustarfið virðist taka allmikið af starfstíma skoðunarmanna, eða 3—4 fyrstu mánuði ársins, svo að skoðanir eru lítt framkvæmdar á þeim tíma, enda berist eftirlitinu ekki sérstök beiðni um skoðun. Slíkar skoðanir eru framkvæmdar hvenær sem er.

Ástæðulaust mun vera að nefna fleiri einstök dæmi um athuganir nefndarinnar á þessu atriði, það myndi lengja greinargerðina að óþörfu og um of, því að eins og áður var sagt hefur nefndin gert sér mikið far um að kynnast störfum eftirlitsins og hefur leitað vandlega að því, hvort um vanrækslu gæti verið að ræða eða ekki. En álit nefndarinnar á störfum verksmiðju- og vélaeftirlitsins er í stuttu máli þetta:

#### **I. Verksmiðjur og vélar, aðrar en farandvélar.**

Nefndinni virðist eftirlitið yfirleitt hafa verið rækt þannig, að tilkynntar vélar og verksmiðjur hafi verið skoðaðar nokkurn veginn reglulega einu sinni á ári og þá lítið eftir því, að gildandi ákvæðum laga og reglugerða um öryggisbúnað væri fylgt. Eigi hefur nefndin orðið annars vör en að eftirlitið hafi krafizt lagfæringar á því, sem því fannst ábótavant, og gengið síðan eftir því og fylgzt með því, að það yrði

lagfært, sem aflaga fór. Bera vélnarar í verksmiðjum greinileg merki þess, að verið hefur eftirlit með öryggisbúnaði þeirra, því að óviða sést lélegur frágangur að þessu leyti, en svo myndi vart vera í eftirlitslausum verksmiðjum.

Sjaldan mun verksmiðjueftirlitið hafa látið þá aðila sæta ábyrgð að lögum, sem hafa hliðrað sér hjá að verða við kröfum þess um lagfæringar. Sjálfir hafa eftirlitsmennirnir gefið þá skýringu á þessu, að dómsvaldið í landinu hafi oft og einatt daufheyrzt við kærnum þeirra og kröfum um fyrirtekt mála vegna brota á verksmiðjueftirlitslögnum. Af þeim ástæðum hafi þeir yfirleitt talið tilgangslítið að kæra brotlega aðila.

## II. Farandvélar.

Eins og skýrsla verksmiðjuskodunarstjórans her með sér (fylgiskjal I), hafa farandvélar yfirleitt ekki verið skoðaðar. Mun þetta einkum stafa af því, að vélar þessar hafa ekki verið tilkynntar eftirlitinu eins og eigendum þeirra ber þó skylda til að gera (sbr. 2. gr. laga nr. 24/1928), og svo virðist sem ekki hafi verið gengið nógu ríkt eftir því, að slíkar vélar væru tilkynntar.

## III. Ferming og afferming skipa, byggingavinna o. fl.

Ekkert eftirlit mun hafa verið með fermingu, affermingu og annarri afgreiðslu skipa, né heldur með gerð og frágangi verkpalla við hvers konar vinnu, t. d. byggingavinnu. Í þessu sambandi má þó geta þess, að samkvæmt sérstökum viðaukalögum (lög nr. 102/1935) við verksmiðjueftirlitslögin var ráðherra heimilað að gefa út reglugerð um eftirlit með þeirri starfrækslu, er að ofan greinir, en slík reglugerð hefur eigi verið gefin út. Er það eftirlitinu nokkur afsökun.

## IV. Annars konar starfræksla.

Ýmsar starfsgreinar, sem eru eftirlitsskyldar samkvæmt gildandi lögum, hafa verið látnar afskiptalausar af eftirlitinu, og má þar til nefna m. a. sand- og grjótnám. Að visu eru ákvæði varðandi þessa starfrækslu mjög ófullkomin í gildandi lögum, en sennilega hefði þó eitthvað fengizt aðgert, ef verksmiðjueftirlitið hefði litið eftir henni.

## V. Verbúðir og annað húsnæði, sem verkamönnum er látið í té.

Húsnæði, sem verkamönnum er látið í té af vinnuveitendum til íbúðar (t. d. verbúðir), er víða mjög lélegt og sums staðar jafnvel lakara en vörugeymslurnar, svo að ekki væri vanþörf á eftirliti með slíku húsnæði. Verksmiðjueftirlitið mun lítt eða ekki hafa látið til sín taka í þessu efni.

## VI. Aðbúnaður verkamanna á vinnustað.

Verksmiðjueftirlitið mun lítil afskipti hafa haft af aðbúnaði verkafólks á vinnustað hvað kaffistofur, búningsherbergi, hreinlætistæki, böð og salerni snertir, enda er of víða ábótavant í þessu efni.

Í þessu sambandi verður þó eigi fram hjá því gengið, að í gildandi lögum er eftirgreint ákvæði (2. málgr. 9. gr. laga nr. 24/1928):

„Nú lúta ákvæði reglugerðar að hífylaskipun, og ber þá að taka tillit til, hversu hana megi framkvæma án þess að íþyngja um of fyrirtæki, sem rekið er, þegar lög þessi öðlast gildi.“

Hefur verið hægt að afsaka margt vegna þessa ákvæðis laganna og eftirlitsmennirnir þá ekki getað gengið nógu ríkt eftir nauðsynlegum umbótum. Þannig var ein verksmiðja norðanlands, er nefndin skoðaði s. l. sumar, í mjög lélegu ástandi, og var engu líkara en hún hefði verið eftirlitslaus með öllu. En að sögn verksmiðjuskodunarstjórans hefur ekki verið hægt að fá nauðsynlegar umbætur vegna ofangreinds ákvæðis.

Að lokum skal þess getið, að eftirlitsgjalds mun hvergi hafa verið krafizt af fyrirtækjum, sem eigi voru á skrá hjá eftirlitinu og því ekki skoðuð. Aðeins þeim fyrirtækjum hefur verið gert að greiða eftirlitsgjald, sem eru á skrá hjá eftirlitinu. og eru öll slík fyrirtæki nafngreind í skýrslu þeirri frá verksmiðjuskjóðunarstjóranum, er hér með fylgir sem fylgiskjal I. Hefur nefndin sannreynt þetta hvað Reykjavík snertir með því að bera skýrsluna saman við skrá yfir innheimt eftirlitsgjöld hjá tollstjóranum í Reykjavík.

### III. Slys á vinnustað.

Engar skýrslur er hægt að fá um það, hve tíð slys eru á vinnustað. Fréttir af öllum minni háttar slysum berast lítt eða ekki út fyrir hvern einstakan vinnustað, enda er þeim, sem fyrir slysinu verður, eigi bætt tjónið að öðru leyti en því, sem vinnuveitandinn gerir hverju sinni. Um batur fyrir slys er þá fyrst að ræða, þegar sá, sem fyrir slysinu verður, deyr af völdum þess, verður öryrki eða verður óvinnufær lengur en 10 daga, en hér teljast þó þeir einir til öryrkja, sem misst hafa 15% eða meira af starfsorku sinni. Eru fá önnur slys tilkynnt Tryggingastofnun ríkisins en þau, sem eru þess eðlis, að um batur geti verið að ræða. En gera má ráð fyrir, að öll eða langflest þess konar slys séu tilkynnt. Um þau eru því til nákvæmar skýrslur. Hefur Tryggingastofnun ríkisins góðfúslega látið nefndinni í té ýmsar upplýsingar varðandi þessi slys, og er það, sem hér fer á eftir, byggt á þeim upplýsingum, og aðeins þau slys tekin með, sem eru bótaskyld samkvæmt ofanrituðu.

Þess ber að geta, að iðntrygging sú, sem hér er um að ræða og upplýsingar Tryggingastofnunar ríkisins byggjast á, náði eigi til annarrar landbúnaðarvinnu en vélavinnu, engrar skrifstofuvinnu og engrar vinnu við húshjálp. Er slík vinna því eigi talin hér með, hvorki að því er snertir tryggingartíma né slys.

Eigi vannst tími til að sundurliða eftirgreindar skýrslur eftir starfsgreinum, eins og æskilegt hefði verið, heldur varð að fara eftir flokkun þeirri um áhættu, sem iðgjöld til Tryggingarstofnunar ríkisins er bundin við. Í hverjum áhættuflokk eru margar starfsgreinar, og visast um það í reglur um áhættuflokkun og ákvörðun iðgjalda fyrir slysathættu nr. 222/1939. Lægst eru iðgjöld fyrir I. áhættuflokk, þ. e. talin vera minnst hættu á slysum í þeim starfsgreinum, sem honum heyrna til. Iðgjöldin fara síðan hækkandi frá flokki til flokks og eru hæst fyrir 10. áhættuflokk.

Í eftirgreindri töflu I má sjá, hve viðtæk sú trygging er, sem hér er um að ræða. Í fyrsta dálkinum eru áhættuflokkarnir, en í næstu þrem dálkunum er tryggingartími iðntryggingarinnar eftir áhættuflokkum fyrir árin 1944—46, og er hann gefinn upp í vikum. Sé gert ráð fyrir, að sérhver hinna tryggðu hafi starfað allt árið og í sömu starfsgrein, má finna fjölda „ársmanna“ með því að deila tryggingarviknafjöldanum með 52. Hefur svo verið gert, og má sjá útkomuna í þrem síðustu dálkunum.

Tafla I. Tryggingartími iðntryggingarinnar og fjöldi „ársmanna“ 1944—46.

Áhættuflokkur	Tryggingartími í vikum árið			Fjöldi hinna tryggðu („ársmenn“) árið		
	1944	1945	1946	1944	1945	1946
1.	84 665	87 809	32 258	1628,2	1688,6	1581,9
2.	70 870	79 928	91 111	1362,9	1537,1	1752,1
3.	78 181	94 063	109 150	1503,5	1808,9	2099,0
4.	421 605	551 242	642 242	8107,8	10600,8	12350,8
5.	80 778	82 378	87 849	1553,4	1584,2	1689,4
6.	47 666	52 160	53 133	916,7	1003,1	1021,8
7.	2 181	2 185	2 324	41,9	42,0	44,7
Aðrir samt.	250	233	1 112	4,8	4,5	21,4
Samtals	786 196	949 998	1069 179	15119,2	18269,2	20561,1

Tafla II. Fjöldi slysa 1944 og greiðslur tryggingarinnar vegna þeirra.

Áhættu- flokkur	Fjöldi »ármanna«	Fjöldi slysa:		Slys samst.	Greiðslur tryggingarinnar vegna slysa:			Greiðslur samals
		Dauða- slys	Örorku- slys		Örorku- bætur	Dánar- bætur	Dag- peningar	
1.	1628,2	1	13	14	10 109,17	1 614,61	7 239,91	18 963,69
2.	1362,9	1	13	14	11 123,01	4 254,42	9 214,73	24 592,16
3.	1503,5	1	47	47	23 922,19	3 390,66	24 040,00	27 312,85
4.	8107,8	3	322	330	266 998,50	53 032,13	59 654,82	403 725,45
5.	1553,4	1	141	142	106 978,72	19 831,57	7 738,84	134 549,13
6.	916,7	2	93	97	73 764,03	19 160,13	18 230,66	146 982,60
7.	41,9	1	11	11	7 467,09	754,62	35 827,78	8 221,71
Aðrir	4,8	2	2	2	1 747,13	123,89	1 871,02	1 871,02
Ósundurlíðað	15119,2	10	642	657	502 109,84	105 772,70	102 078,96	3 610,67
Samtals		5	10	642	502 109,84	105 772,70	102 078,96	59 867,78

Tafla III. Fjöldi slysa 1945 og greiðslur tryggingarinnar vegna þeirra.

1.	1688,6	2	9	9	9 748,74	623,14	43 575,87	10 371,88
2.	1537,1	2	23	25	25 337,12	1 757,43	5 700,00	76 370,42
3.	1808,9	1	63	64	52 401,71	4 698,76	16 870,73	73 971,20
4.	10600,8	6	353	367	307 566,66	50 646,63	114 151,43	219 594,68
5.	1584,2	3	127	133	76 824,46	10 212,05	53 157,15	691 959,40
6.	1003,1	4	85	89	75 721,59	8 726,39	19 180,00	159 373,66
7.	42,0	4	4	4	2 411,71	89,50	190 892,00	275 339,98
Aðrir	4,5	4	4	4	2 411,71	89,50	190 892,00	2 501,21
Ósundurlíðað	18269,2	13	664	691	550 011,99	80 348,00	227 755,18	3 594,10
Samtals		13	14	664	550 011,99	80 348,00	227 755,18	435 366,68

Tafla IV. Fjöldi slysa 1946 og greiðslur tryggingarinnar vegna þeirra.

1.	1581,9	1	7	7	10 498,35	853,84	221 367,07	11 352,19
2.	1752,1	1	16	17	9 215,94	377,40	6 040,00	9 593,34
3.	2099,0	1	64	64	58 514,85	4 475,70	11 510,00	62 990,55
4.	12350,8	1	358	368	351 252,97	49 414,61	22 676,01	628 074,65
5.	1689,4	2	150	152	107 826,89	11 570,04	11 253,31	142 072,94
6.	1021,8	2	91	95	89 679,95	9 353,84	11 510,00	121 797,10
7.	44,7	5	5	5	4 179,61	309,35	4 488,96	4 488,96
Aðrir	21,4	5	5	5	4 179,61	309,35	4 488,96	4 488,96
Ósundurlíðað	20561,1	4	691	708	631 168,56	79 331,66	255 296,39	2 976,88
Samtals		4	13	691	631 168,56	79 331,66	255 296,39	983 346,61

Í næstu töflum (tafla II—IV) má sjá fjölda þeirra slysa, sem bætt hafa verið hin umræddu ár (1944—46), og er þess þar jafnframt getið, hve mörg slys hafi valdið dauða og hve mörg örorku. Í þessum töflum eru sömuleiðis sundurliðaðar greiðslur trygginganna vegna slysanna. Um þá sundurliðun vill Tryggingastofnun ríkisins láta þess getið sérstaklega, að gera megi ráð fyrir enn meiri útgjöldum vegna þessara slysa en fram kemur hér, einkum þó vegna slysa, sem urðu árin 1945 og 1946, því að allir reikningar muni enn ekki hafa borizt Tryggingastofnuninni.

Í eftirfarandi yfirliti má sjá fjölda þeirra slysa, sem bætt hafa verið árin 1944—1946 og jafnframt allar greiðslur tryggingarinnar þeirra vegna:

Ár	Fjöldi „ársmanna“	Fjöldi slysa	Greiðslur tryggingarinnar vegna slysa
1944 .....	15119,2	657	769 829,28
1945 .....	18269,2	691	1 293 481,85
1946 .....	20561,1	708	983 346,61

Þetta eru hin beinu útgjöld tryggingarinnar vegna hinna meiri slysa. En tjón þjóðfélagsins og einstaklinganna af þeirra völdum er miklu meira. Má gera sér nokkra grein fyrir því með því að finna vinnutapið af þeirra völdum, en það er hægt með nokkurri nákvæmni út frá upplýsingum þeim, sem fyrir liggja í framangreindum töflum II—IV um dagpeningagreiðslur. Greiðir tryggingin mest kr. 7,50 á dag að viðbætti verðlagsuppbót samkvæmt visitölu framfærslukostnaðar. Mun láta nærri, að meðalgreiðsla árið 1946 hafi verið um kr. 19,50 á dag (meðalvisitölu framfærslukostnaðar 292,7), meðalgreiðsla árið 1945 kr. 18,50 (meðalvisitölu framfærslukostnaðar 277,2) og meðalgreiðsla árið 1944 kr. 18,00 (meðalvisitölu framfærslukostnaðar 267,8). Sé þessum tölum deilt í dagpeningagreiðslur tryggingarinnar, kemur út dagafjöldi sá, sem hinir slösuðu menn hafa verið frá vinnu og bættir hafa verið af tryggingunni. En þess ber þó að geta, að tryggingin bætir ekki hina fyrstu sjö daga, sem slasaðir menn eru frá vinnu. Þarf því að bæta þeim við þá tölu, sem út kemur við ofanefnda deilingu. Hefur það verið gert í eftirfarandi yfirliti, sem sýnir þessa útreikninga, og er þá fjöldi hinna slösuðu manna, sem sjá má í töflu II—IV, margfaldaður með 7, því að hver einstaklingur, sem fyrir slysi verður, fær ekki bættu fyrstu sjö dagana:

Ár	Bætt vinnutap, dagar	Óbætt vinnutap, dagar	Vinnutap, samtals, dagar
1944 .....	27 895	4 564	32 459
1945 .....	29 730	4 746	34 476
1946 .....	32 368	4 928	37 296

Af þessu yfirliti og hinu næsta á undan má gera sér nokkra grein fyrir því fjárhagslega tjóni, sem hin meiri háttar slys valda þjóðfélaginu í heild og einstaklingunum. Er það tjón ekki óverulegt. En þetta nær aðeins til hinna meiri háttar slysa, þegar hinn slasaði maður verður óvinnufær lengur en 10 daga. Um hin slysin, þegar hinn slasaði maður verður óvinnufær 10 daga eða skemur, eru engar skýrslur til, en áreiðanlegt er, að þau eru miklu fleiri að tölunni til en hin meiri háttar slys. Tjón af þeirra völdum mun því eigi síður vera tilfinnanlegt, þótt ekki sé hægt að staðfesta það álit með opinberum skýrslum.

En það er aðeins önnur hliðin á þessu máli að ræða um fjárhagslegt tjón af völdum slysa. Hitt er ekki síður mikilsvert atriði: óhamingja sú, sem orsakast af sérhverju slysi. Og hún snertir ekki aðeins þá menn, sem fyrir slysunum verða, heldur einnig mikinn fjölda annarra manna, einkum nánustu aðstandendur.

Allar tilraunir, sem miða að því að koma í veg fyrir slys, eru því ekki einungis fjárhagslegs eðlis, heldur jafnframt og ekki síður mannúðarmál.

Af því, er að ofan greinir, liggur það ljóst fyrir, að til mikils er að vinna, ef hægt er að hafa áhrif á slysatíðnina í lækkunarátt. Frumvarp það, sem hér um

ræðir, stefnir að því marki, og eru nefndarmenn þess fullvissir, að komið verður í veg fyrir mörg slys, ef frumvarp þetta kemst til framkvæmda. En hitt er jafnvíst, að lagafyrirmæli eru ekki einhlít í þessu efni. Af þeim ástæðum eru tekin upp ákvæði í frumvarpið, sem miða að því að vekja áhuga verkamanna og vinnuveitenda fyrir þessum málum og stofna til samvinnu þeirra á milli. Væntir nefndin sér mikils árangurs af því, ef það kemst til framkvæmda og vel tekst um samvinnuna í upphafi.

#### IV. Endurskoðun laga og reglugerða um eftirlit með verksmiðjum og vélum.

Samkvæmt ályktun Alþingis var nefndinni falið að endurskoða lög og reglugerðir um eftirlit með verksmiðjum og vélum. Hefði því legið beinast við fyrir nefndina að gera aðeins tillögur til breytinga á hinum gildandi lögum, svo að þau yrðu meira í samræmi við nútíma atvinnurekstur en þau eru nú. Myndu störf nefndarinnar hafa gengið greiðlegar, ef hægt hefði verið að hafa þann hátt á. En margt mælti gegn því að hafa þá aðferð, og varð nefndin fljótlega sammála um að semja sérstakt lagafrumvarp. Ástæðurnar fyrir því eru m. a. þær, er nú skal greina:

1. Í gildandi lögum eru allýtarleg ákvæði um eimkatla, aflvélar og aðrar „vélar, sem settar eru í hreyfingu af aflvél“. Mörg þeirra eru þess eðlis, að réttara virðist að hafa þau í reglugerð heldur en í lögum. Þessum kafla laganna hefði því þurft að breyta verulega, en hann er tæpur helmingur laganna að lengd til.

2. Almenn ákvæði, sem miða að því að auka öryggi verkamanna við vinnu, eru aðeins í einni grein, 5. gr. laganna, og eru svo hljóðandi:

„Verksmiðjum, verkstæðum og vinnustöðvum, sem lög þessi taka til, skal haga þannig, að líf, heilsa og limir verkamanna við vinnu og dvöl á vinnustöðvum sé tilhlýðilega verndað. Stigar skulu traustir og greiðir og útgöngudyr tálmalausar.“

Fleirir eru ákvæðin ekki. Var nefndin á einu máli um, að hér þyrfti verulegra umbóta við, ef lögín ættu að koma að fullu gagni.

3. Ákvæðin í gildandi lögum um aðbúnað verkamanna við vinnu eru að dómi nefndarinnar alls ófullnægjandi, og þykir henni bera brýna nauðsyn til þess að setja um það atriði nánari ákvæði í væntanleg lög. Þá er og vafasamt, að sum ákvæði reglugerðanna, er settar voru 1929 og 1941 um þetta efni, hafi stoð í lögunum. Er sízt minni ástæða til að verja heilsu verkamanna gegn tjóni af illum eða lélegum aðbúnaði en að verja þá gegn slysum.

4. Nauðsynlegt þótti að taka upp í væntanleg lög ákvæði, sem miðuðu að því, að verkamenn ofreyndu sig ekki vegna of skamrar hvíldar, en slík ákvæði eru engin í núgildandi lögum. Sömuleiðis þótti ástæða til að takmarka vinnutíma stjórnenda bifreiða og véla, sem mönnum getur stafað bein hætta af, svo að þeir ofþreytist ekki.

5. Gildar ástæður eru til þess að stofna til samvinnu milli verkamanna og vinnuveitenda um að auka öryggi á vinnustað og bæta aðbúnað verkamanna við vinnu. Í gildandi lögum eru engin ákvæði, sem miða að því.

Að öllu þessu athuguðu þótti réttara að fara þá leið að semja nýtt frumvarp til laga um öryggisráðstafanir á vinnustöðum í stað þess að gera tillögur til breytinga á hinum gildandi lögum, því að fátt eitt úr þeim er þess eðlis, að það geti staðið óbreytt með öllu að dómi nefndarinnar. Hins vegar hefur allt það úr hinum gildandi lögum, sem til gagns má verða, verið fellt inn í lagafrumvarpið.

Væntir nefndin þess, að aðrir geti orðið henni sammála um þessi vinnubrögð.

Sama máli mun gegna um reglugerðir þær, sem settar hafa verið samkvæmt lögum um eftirlit með verksmiðjum og vélum, að nauðsynlegt mun reynast að semja nýjar reglugerðir í stað sumra hinna eldri, þegar þar að kemur. En endanleg ákvörðun hefur enn ekki verið tekin í því efni, enda hefur ekki unnizt tími til að byrja á endurskoðun reglugerðanna.

## V. Samið frumvarp til laga um öryggisráðstafanir á vinnustöðum.

Áður en hafizt var handa um samningu frumvarps til laga um öryggisráðstafanir á vinnustöðum, kynnti nefndin sér allrækilega lagafyrirmæli um sama efni í nágrannalöndunum, einkum Norðurlöndunum, en einnig í Bretlandi, Bandaríkjum Norður-Ameríku og víðar. Þá hafði nefndin og til athugunar frumvarp það til laga um verkamannavernd, er samið var að tilhlutun danska félagsmálaráðuneytisins á árunum 1934—1938 (Forslag til Lov om Arbejderbeskyttelse) og birt var í miklu riti, Betænkning afgivet af Udvalget angaaende Arbejderbeskyttelse, København 1938.<sup>1)</sup> Hefur nefndin mjög stuðzt við þetta frumvarp í starfi sínu, en þó ekki þótt ráðlegt að svo komnu máli að mæla með ýmsum ákvæðum úr því. Má þar til nefna einkum ýtarleg ákvæði um hámarksvinnutíma og vinnu barna og unglinga. Þótt ákvæði þessi séu hin gagnlegustu, þá þykir nefndinni ekki tímabært að bera þau fram.

Nefndin hafði tal af ýmsum fulltrúum verkamanna og vinnuveitenda, áður en hafizt var handa um samningu frumvarpsins og meðan á því stóð, í því skyni að kynna sér viðhorf þessara aðila til lagasetningarinnar í heild og einstökum atriðum hennar. Hefur oft verið mikið gagn að þessum viðræðum. Þá sendi nefndin bréflaga fyrirspurnir til þeirra aðila, er hér eiga hlut að máli, og er kafli úr því bréfi birtur hér að framan. Er einnig margt á svörunum að græða, einkum þó fyrir væntanlega endurskoðun reglugerðanna.

Meðan á samningu frumvarpsins stóð, starfaði verksmiðjusköðunarstjórinn með nefndinni.

Þegar nefndin hafði að mestu lokið við að semja frumvarpið, fékk fulltrúi Alþýðusambands Íslands í nefndinni, Kristinn Ág. Eiríksson, stjórn sambandsins eitt eintak þess í hendur. Skipaði sambandsstjórnin nefnd til að athuga frumvarpið. Sú nefnd gerði nokkrar athugasemdir og breytingartillögur við það. Á sumar þeirra var fallizt og frumvarpinu breytt í samræmi við þær. En á aðrar tillögur var ekki hægt að fallast, og verður þeirra getið, hvernar á sínum stað, þegar rædd verða einstök atriði frumvarpsins. Nefnd sú, sem stjórn Alþýðusambandsins skipaði, lét þess getið, að henni hefði aðeins unnizt tími til að fara lauslega yfir frumvarpið, svo að vel mætti vera, að hún gerði frekari breytingartillögur við vandlegri yfirferð.

Prófessornum í heilsufræði við Háskóla Íslands, dr. Júlíusi Sigurjónssyni, var sýnt frumvarpið vegna þeirra atriða þess, sem snerta hans embætti. Fór hann yfir frumvarpið ásamt landlækni, og gerðu þeir nokkrar tillögur til breytinga á því til nefndarinnar. Á flestar breytingartillögurnar gat nefndin fallizt, en eina ekki. Þeirrar breytingartillögu, sem ekki var tekin til greina, verður getið síðar, þar sem rætt verður um það atriði frumvarpsins (35. gr.).

Samkomulag var í nefndinni um öll atriði frumvarpsins, að tveim undanskildum, er einn nefndarmanna gat ekki fylgt meiri hluta nefndarinnar að málum. Þessa ágreinings er getið sérstaklega hér á eftir (VI. kafli greinargerðarinnar).

Verksmiðjusköðunarstjórinn, Þórður Runólfsson, telur sig geta verið frumvarpinu samþykkur eins og það liggur fyrir frá nefndinni.

## VI. Ágreiningsatriði.

Um tvö atriði frumvarpsins gat nefndin eigi orðið sammála. Annað er um niðurlag 1. málsg. 45. gr. frumvarpsins, en hitt um skipun öryggisráðs (47. gr.). Er það í báðum tilfellunum fulltrúi Alþýðusambands Íslands í nefndinni, Kristinn Ág. Eiríksson, sem taldi sig ekki geta átt sameið með meiri hluta nefndarinnar, og óskar að láta tillagna sinna um bæði þessi atriði getið.

---

1) Dráttur sá, sem hefur orðið á því að taka þetta frumvarp til afgreiðslu í ríkisþinginu danska, stafar af styrjöldinni, sem brauzt út skömmu eftir að frumvarpið var fullgert.

45. gr. frumvarpsins óskaði hann breytt á þá lund, að orðin „er viðurkenndur sé af vinnuveitanda“ í niðurlagi 1. málsgr. falli niður, og vill að trúnaðarmaður verkamanna sé valinn á sama hátt og ráð er fyrir gert í 9. gr. laga nr. 80/1938, um stéttarfélag og vinnudeilur, sem hljóðar þannig: „Á hverri vinnustöð, þar sem a. m. k. 5 menn vinna, hefur stjórn stéttarfélags þess, sem á staðnum er í viðkomandi starfsgrein, rétt til að tilnefna 2 menn til trúnaðarmannsstarfa, úr hópi þeirra, sem á staðnum vinna. Skal atvinnurekandi samþykkja annan þeirra sem trúnaðarmann stéttarfélagsins á vinnustöðinni.“ Meiri hluti nefndarinnar vill hins vegar með vali trúnaðarmanns verkamanna stofna til samvinnu milli vinnuveitenda og verkamanna og telur æskilegast, að til þeirrar samvinnu sé þegar í upphafi stofnað með samkomulagi beggja aðila. Telur hún með öllu ástæðulaust að ætla, að til þess komi, að kosti verkamanna verði þröngvað í þessu efni, þótt vinnuveitandinn eigi að viðurkenna val trúnaðarmannsins.

Skipun öryggisráðs (47. gr. frumvarpsins) hefur verið mikið rædd í nefndinni.

Það er sameiginlegt álit nefndarmanna, að heppilegast verði að skipa öryggisráðið tveim verkamönnum, tveim fulltrúum vinnuveitenda og einum óvilhóllum manni. Nefndarmenn eru einnig sammála um það, að ráðherra skipi hinn óvilhalla manni í öryggisráðið án tilnefningar, og sé hann jafnframt formaður þess.

Um skipun ráðsins að öðru leyti hafa verið uppi ýmsar tillögur, eins og gerðabók nefndarinnar ber með sér. Allir nefndarmenn hafa þó hallazt að þeirri tilhögun, að fulltrúar verkamanna og vinnuveitenda yrðu skipaðir í ráðið af ráðherra samkvæmt tilnefningu einhverra samtaka þessara aðila. En vissulega er úr vöndu að ráða, þegar velja skal þrjú eða fjögur félag í þessu skyni. Myndi val félaganna hafa orðið auðveldara, ef gert hefði verið ráð fyrir sjö meðlimum öryggisráðsins í stað fimm. En nefndarmenn eru því mótfallnir, að meðlimir þess séu fleiri en fimm, búast við, að fjölgun þeirra myndi frekar tefja störf ráðsins en flýta fyrir þeim og engin sérstök ástæða sé til að ætla, að sjö nefndarmenn leystu störf sín betur af hendi en fimm. En miklar vonir eru tengdar við öryggisráðið, og vill nefndin ekki skorast undan því að gera tillögur um skipun þess á sama hátt og um önnur atriði þessa frumvarps.

Meiri hluti nefndarinnar féllst á þá skipun öryggisráðsins, sem gert er ráð fyrir í frumvarpinu, að Alþýðusamband Íslands tilnefni einn mann í ráðið, Landssamband iðnaðarmanna tvo menn, annan þeirra svein, en hinn meistara, og Félag íslenskra iðnrekenda tilnefni einn mann. Þegar tillagan um þessa skipun ráðsins var lögð fram í nefndinni, fylgdi henni eftirfarandi greinargerð:

„Þar sem gert er ráð fyrir, að frumvarp þetta, ef að lögum verður, nái jafnt til þeirrar starfrækslu, þar sem faglærðir menn vinna sem ófaglærðir, virðist sanngjarnt, að annar fulltrúi verkamanna í öryggisráði sé faglærður verkamaður (sveinn) en hinn ófaglærður. Af sömu ástæðu er sanngjarnt, að annar fulltrúi vinnuveitenda sé úr hópi faglærðra manna (meistari), en hinn úr hópi verksmiðjueigenda.

Gera má ráð fyrir, að það verði affarasælla fyrir störf ráðsins til frambúðar, að menn þessir verði skipaðir í ráðið af ráðherra samkvæmt tilnefningu landssamtaka þeirra aðila, er hér eiga hlut að máli. Þykir því eðlilegast, að báðir hinir faglærðu menn (sveinn og meistari) verði tilnefndir af landssambandi hinna faglærðu iðnaðarmanna — Landssambandi iðnaðarmanna —, fulltrúi hinna ófaglærðu verkamanna verði tilnefndur af Alþýðusambandi Íslands, en fulltrúi vinnuveitenda verði tilnefndur af landssambandi verksmiðjueigenda — Félagi íslenskra iðnrekenda“.

Fulltrúi Alþýðusambands Íslands, Kristinn Ág. Eiríksson, gat ekki sætt sig við þessi málalok, en heldur fast við tillögu sína um skipun öryggisráðs, en hún er á þá leið, að ráðherra skipi í öryggisráðið tvo menn samkvæmt tilnefningu Alþýðusambands Íslands, einn mann samkvæmt tilnefningu Landssambands iðnaðarmanna og einn mann samkvæmt tilnefningu Félags Íslenskra iðnrekenda. Gerir hann grein fyrir þessari tillögu sinni eins og hér segir:

„Það er óþarfi að fara um það mörgum orðum, hversu réttmætt og sjálfsagt það



er, að A. S. Í. tilnefni þá tvo fulltrúa verkamanna, er samkomulag hefur orðið um, að ættu sæti í ráðinu. Virkir félagar Alþýðusambandsins voru samkv. síðustu skýrslum 20370, þar af um 2650 faglærðir menn, og sem vinna í verksmiðjum eða 18 sveinafélög, sem eingöngu hafa faglærða meðlimi og 3 iðjufélög (verksmiðjufólk) og auk þess nokkur mótörvélstjórafélög. Samkvæmt þessu ætti það að vera ljóst, að engin samtök í landinu hafa náðar nærri svo marga faglærða verkamenn innan sinna vébanda, auk hins mikla fjölda ófaglærðra verkamanna.“

## VII. Frumvarp til laga um öryggisráðstafanir á vinnustöðum.

Frumvarpi þessu er skipt í 10 kafla. Er hinn fyrsti þeirra um gildissvið, tilkynningsarskyldu o. fl., 2. kafli almenn ákvæði um tilhögun á vinnustað, 3. kafli sérstakar reglur varðandi ráðstafanir til verndar heilbrigði og velferð verkamanna, 4. kafli um ráðstafanir til að verjast slysum, 5. kafli um lágmarkshvildartíma verkamanna o. fl., 6. kafli um eftirlit með framkvæmd laganna, 7. kafli um öryggisráð, 8. kafli um eftirlitsgjald, 9. kafli refsiakvæði og 10. kafli ýmis ákvæði.

Um einstakar greinar frumvarpsins vill nefndin einkum taka það fram, er hér fer á eftir:

### I. KAFLI

#### Um 1. gr.

Gert er ráð fyrir, að gildissvið laganna sé að mestu hið sama og núgildandi laga. Munurinn er sá, að í frumvarpinu er gert ráð fyrir, að það nái til „sérhverrar starfrækslu, þar sem einn verkamaður eða fleiri vinna, eða notuð er orka, sem er eitt hestafl eða meira“, en samkvæmt núgildandi lögum eru eftirlitsskyldar „verksmiðjur, verkstæði og vinnustöðvar, þar sem þrjú menn hið fæsta vinna að jafnaði, svo og einkatlar og vélar“. Gerir frumvarpið því hvort tveggja í senn: að rýmka gildissvið laganna og þrengja það. Hvað mannhald snertir, er það rýmkað litillega, en hvað orkunotkun snertir, er það þrengt eins og séð verður. Þykir nefndarmönnum þessi skilgreining á gildissviði laganna viðkunnanlegri og meira í samræmi við önnur ákvæði frumvarpsins en núgildandi skilgreining. Þá er þess og að geta, að í 49. gr. frumvarpsins er gefin heimild til að undanþiggja minni háttar starfrækslu eftirlitsgjaldi því, sem gert er ráð fyrir í frumvarpinu, eða þá starfrækslu, „þar sem fimm verkamenn eða færri vinna, eða notuð er orka, sem eigi fer fram úr 3 hö, enda sé vinnu þinnig háttað, að eftirlit sé miður nauðsynlegt“.

Sjálfsgagt þykir að hafa undanþegna þá starfrækslu, sem talin er í 1.—3. tölulið greinarinnar, enda eru í gildi sérstök lög um þá starfrækslu, sem talin er í 1. tölulið, en loftferðir, sem taldar eru í 2. tölulið, eru allt annars eðlis en starfræksla sú, sem þessu frumvarpi er ætlað að ná til. Aftur á móti er ætlað til, að frumvarp þetta, ef að lögum verður, taki til fermingar og affermingar skipa, og er sú starfræksla nefnd í 15. gr. frumvarpsins, svo að það geti ekki orkað tvímælis.

Í síðustu málsg. greinarinnar er gefin heimild til að víkka gildissvið laganna frá því, sem mælt var fyrir um í 1. málsg., þegar um „vélar og önnur áhöld og mannvirki“ er að ræða, og var þá einkum höfð í huga oliukynding í heimahúsum, bryggjur, uppfyllingar, brýr og annað þess háttar. Nauðsynlegt er að hafa eftirlit með sumu af þessu að minnsta kosti, og er þá gefin heimild til þess í málsgreininni.

#### Um 2. gr.

Í þessari grein er gefin skýring á því, hvað verkamaður og hvað vinnuveitandi merkir í lögum þessum og hver skuli bera ábyrgð vinnuveitanda, sé um sameign að ræða, félag eða opinberan rekstur. Er nauðsynlegt, að um þessi atriði séu skýr ákvæði í lögnum. Í núgildandi lögum eru engin samsvarandi ákvæði.

#### Um 3.—4. gr.

Ákvæði 3. gr. eru að mestu leyti í samræmi við ákvæði 1. málsg. 2. gr. í nógildandi lögum. Síðasta málsgreinin er þó nýmæli, en það er bráðnauðsynlegt, til þess að hægt sé að fylgjast vel með ásigkomulagi farandvéla þeirra, sem eiga að vera háðar eftirliti samkvæmt þessum lögum.

4. gr. þarf engra skýringa við.

## II. KAFLI

#### Um 5.—7. gr.

Í grein þessari eru teknar upp almennar grundvallarreglur um það, hverjar kröfur séu gerðar til hvers um sig, vinnuveitanda, verkamanns og trúnaðarmanns verkamanna. Eru engin tilsvarendi ákvæði í nógildandi lögum hvað snertir 6. og 7. gr., en ýmis ákvæði eru í gildandi lögum, sem svara til ákvæða 5. gr.

Kröfur þær, sem gerðar eru til vinnuveitandans í þessu efni í 5. gr., ættu ekki að þurfa skýringa við, þær virðast vera svo sjálfsgæðar. Þess má þó geta varðandi niðurlag greinarinnar, að sérstaklega skuli leiðbeina óvönnum verkamönnum, nemum og ungum verkamönnum, að reynsla margra fyrirtækja er sú, að slysatíðni meðal óæfðra verkamanna sé um fjórum sinnum meiri en meðal æfðra verkamanna í sömu starfsgrein. Ætti að vera augljóst af þessu, að kröfur þær um leiðbeiningar, sem gerðar eru í þessari grein, eru ekki að ófyrirsynju.

Eigi er nægilegt að leggja skyldur á herðar vinnuveitandans í þessu efni. Þeir menn, sem vinnuna stunda, þurfa að gera sitt til, að öryggisráðstafanir þær, sem vinnuveitandinn gerir, komi að tilætluðu gagni, enda eiga þeir mest í húfi. Af þeim ástæðum eru gerðar nokkrar almennar kröfur til verkamanna í 6. gr., og hefur nefndin ástæðu til að ætla, að verkamenn séu þessum kröfum ekki mótfallnir, a. m. k. kom það álit fram hjá þeim fulltrúum verkamanna, sem nefndin hefur haft tal af.

Ákvæði 7. gr. hníga að því að auka eftirlitið með öllum öryggisútbúnaði sem mest og stuðla að því, að hann sé notaður á réttan hátt. Öryggiseftirlit það, sem gert er ráð fyrir í þessu lagafrumvarpi, getur að sjálfsgæðu ekki litið eftir sérhverjum vinnustað nema endrum og eins, til jafnaðar líklega ekki nema einu sinni á ári, ef vel er. En stöðugt eftirlit manns, sem vinnur á staðnum, ætti að verða miklu betra, ef vel tekst um val mannsins. Hann á að geta fylgzt með því, að allur öryggisútbúnaður sé rétt notaður og verið félögum sínum til leiðbeiningar í því efni. Gerir nefndin sér vonir um, að mikið gagn geti orðið að störfum trúnaðarmanns verkamanna. — Algert nýmæli er þetta þó ekki, því að í 6. gr. reglugerðar nr. 95/1941, um breyting á reglugerð nr. 10 16. febr. 1929, um eftirlit með verksmiðjum og vélum, eru svipuð ákvæði og hér eru gerð. En reglugerðarákvæðið mun naumast hafa stoð í gildandi lögum, svo að minna hefur orðið úr þessari starfsemi en ætlað var í upphafi.

#### Um 8. gr.

Grein þessi er að mestu í samræmi við 9. gr. í hinum norsku lögum um öryggisráðstafanir á vinnustöðvum (lov om arbeidervern) og með líku sniði og 9. gr. í hinu danska lagafrumvarpi. Í skýringum við hina norsku lagagrein<sup>1)</sup> er talin upp sú starfræksla, sem ákvæði greinarinnar ná til, og er sú upptalning í 25 liðum, þar á meðal er sú starfræksla, er hér verður talin:

1. Sementsverksmiðjur.
2. Verksmiðjur, sem framleiða sprengiefni.
3. Prentsmiðjur.
4. Málmhúðunarverkstæði og smeltverksmiðjur (emaljeverksmiðjur).
5. Áburðarverksmiðjur.

---

1) Ferdinand Römcke: Lov om arbeidervern, Oslo 1947.

6. Klæðaverksmiðjur.
7. Málmslípunarverksmiðjur og sérstakar málmslípunardeildir í annars konar fyrirtækjum.
8. Viðgerðarvinna í skipum með oliugeymum.
9. Málmsteypuverksmiðjur.
10. Vinna við smíði mannvirkja, ef a. m. k. 300 verkamenn eru starfandi þar í a. m. k. einn mánuð og þeim er séð fyrir húsnæði á vinnustaðnum eða í námunda við hann.

Þótt sú starfræksla, sem hér er um að ræða, sé ekki enn sem komið er margbreytileg hér á landi, þykir samt vera ástæða til að hafa slíka heimild sem þessa í væntanlegum lögum.

#### Um 9. gr.

Marga atvinnusjúkdóma má hefta til muna og jafnvel koma í veg fyrir þá, ef viðkomandi menn eru rannsakaðir af lækni í tæka tíð. Er víða erlendis látin fara fram reglubundin læknisskoðun á verkamönnum í þeim fyrirtækjum, þar sem helzt má búast við atvinnusjúkdómum, og hefur sú starfsemi gefið góða raun. Því er ástæða til að taka þá starfsemi upp í ríkara mæli en verið hefur hér á landi, og þarf varla að efast um árangurinn.

#### Um 10. gr.

Svið þeirra laga, sem hér er um að ræða, er svo vitt og starfsemin, sem þau taka til, svo margbreytileg, að það er næstum ógerningur að taka öll nauðsynleg fyrirmæli upp í lög, enda naumast æskilegt, því að framþróunin á þessu sviði er oft mjög ör, og er þá auðveldara að fylgjast með tímanum með fyrirmælum í reglugerðum heldur en með lagabreytingum hverju sinni. Í 9. gr. laga nr. 24/1928 er einnig gefin heimild fyrir ráðherra að gefa út reglugerðir með nánari fyrirmælum um tilhögun og starfsháttu „fyrir hvert einstakt fyrirtæki eða flokk fyrirtækja“. Á sama hátt hefur það sjónarmið verið ríkjandi meðal nefndarmanna, að lög ættu aðallega að vera til þess að setja reglugerðunum takmörk og gefa þeim gildi, þau beri að skoða meira sem umgerð, er fylla þurfi upp í með reglugerðum.

#### Um 11. gr.

Ákvæði greinarinnar eru að mestu í samræmi við ákvæði 4. gr. laga nr. 24/1928. Þó er það hér gert að skyldu að leita umsagnar öryggismálastjóra um það, hvort fyrirhugað skipulag verksmiðja eða verkstæða sé í samræmi við lög eða reglugerðir settar samkvæmt þeim, en í núgildandi lögum er aðeins um heimild að ræða („... getur krafizt umsagnar skoðunarmanns um, hvort hið fyrirhugaða skipulag komi í bága við lög þessi eða reglugerðir settar samkvæmt þeim“).

### III. KAFLI

#### Um 12. gr.

Í grein þessari eru mörg atriði, er einkum snerta heilbrigði og velferð verkamanna, og eru fá tilsvareandi ákvæði í hinum gildandi lögum. Hins vegar eru í hinni almennu reglugerð, er fyrst var gefin út samkvæmt verksmiðjueftirlitslögunum, rgj. nr. 10/1929, nokkur sams konar ákvæði. Það getur að vísu nokkuð orkað tvímælis, hve langt á að ganga í því efni að taka ákvæði sem þessi upp í lög. En nefndin er þeirrar skoðunar, að það hljóti að vera til gagns fyrir hvern og einn, sem á að fara eftir lögunum, að í þeim sé a. m. k. tvímælalaust gefið til kynna, á hvaða sviði hin væntanlegu ákvæði reglugerðanna muni verða. Með það sjónarmið fyrir augum hefur nefndin talið það hyggilegra að hafa þessa grein með því sniði, sem raun ber vitni um, þótt mörg atriði hennar kunní í fljótu bragði að virðast sjálfsgöð og jafnvel óþörf.

Um einstök atriði greinarinnar skal að öðru leyti aðeins þetta tekið fram.

1. tölul. er í samræmi við ákvæði 1. málsg. 5. gr. rg. nr. 10/1929 að öðru leyti en því, er tekur til niðurlags töluliðsins, þar er um nýmæli að ræða og vissulega ekkert óþarfa ákvæði.

2. töluliður. Hér er gert ráð fyrir allmiklu meira loftrými fyrir hvern verkamann en nú er í gildandi reglugerð (sbr. einnig 6. gr. laga nr. 24/1928), en í 4. gr. rg. nr. 10/1929 er krafizt 8 m<sup>3</sup> loftrýmis við venjuleg skilyrði, en 12 m<sup>3</sup> loftrýmis, ef „ryk, eimur eða óheilnæmar lofttegundir“ geta spillt andrúmsloftinu. Nefndin gerir tillögur sínar að vel athuguðu máli og þykist ekki vera ósanngjörn í því efni. Erlendis eru ákvæðin, sem að þessu lúta, allmisjöfn, og má víða finna sömu ákvæði og eru í hinum gildandi íslenzku fyrirmælum. En þau eru þá sízt yngri en íslenzku fyrirmælin. Mun vart vera dæmi til þess nú orðið hér á landi, að loftrými fyrir hvern verkamann sé ekki til muna meira en 8 m<sup>3</sup>, enda myndi naumast fást maður til að vinna við slík skilyrði. Er nefndin því á einu máli um það, að hækka beri núgildandi ákvæði um loftrými á vinnustöðum, og eru tillögur hennar í samræmi við tillögurnar í hinu danska frumvarpi.

3. tölul. er að mestu í samræmi við ákvæði 4. málsg. 5. gr. rgj. nr. 10/1929.

4. tölul. er nýmæli, en hans er ekki síður þörf en 3. tölul.

5. tölul. er sömuleiðis nýmæli, og þarfnast hann ekki skýringar við.

6. tölul. er í samræmi við ákvæði 1.—3. málsg. 10. gr. rgj. nr. 10/1929.

7. tölul. er sama efnis og 1. málsg. 9. gr. rgj. nr. 10/1929, en þar er svo fyrir mælt, að vinnustofur skulu „hitaðar ef því verður við komið án mjög mikils tilkostnaðar“. Nefndin getur ekki fallizt á það sjónarmið, sem lýsir sér í þessu ákvæði, en telur eðlilegast, að verkamenn fái sjálfir að ráða miklu um það, hve heitt skuli vera, þar sem þeir vinna. Er það því lagt undir dóm trúnaðarmanns verkamanna, en til þess að eigi geti verið um ósanngjarnar kröfur að ræða frá hans hendi, á hann að hafa samráð við öryggismálastjóra.

8. tölul. er nýmæli, og ætti það ekki að þurfa skýringa við.

9. tölul. er að mestu leyti í samræmi við ákvæði 3. málsg. 3. gr. rgj. nr. 95/1941. Útbúnaður til handþvotta er víða fyrir hendi á vinnustöðum, sums staðar einnig útbúnaður til baða. Er brýn nauðsyn á því, að fullnægjandi útbúnaður til handþvotta sé til afnota fyrir verkamenn alls staðar þar, sem unnið er að staðaldri, og víða er nauðsynlegt að hafa böð til afnota fyrir verkamenn. En nefndin hefur orðið þess vör, að oft er erfitt að fá verkamenn til að nota böðin, þótt þau séu fyrir hendi. Af þeim ástæðum er niðurlag greinarinnar haft eins og raun ber vitni. Verður aldrei hægt að koma aðbúnaði verkamanna á vinnustað í sæmilegt horf, ef verkamennirnir sjálfir notfæra sér ekki þær umbætur, sem gerðar eru, oft með ærnum kostnaði.

10. tölul. er að miklu leyti í samræmi við 2. málsg. 3. gr. reglugerðar nr. 95/1941 og á mörgum vinnustöðum er aðbúnaðurinn kominn í það horf, sem hér er gert ráð fyrir og telja verður brýna nauðsyn.

11. tölul. er sömuleiðis nýmæli í frumvarpinu. Þykir það sjálfsagt að krefjast þess af verkamönnum, að þeir séu í sem hentugustum fötum við vinnu sína. En sé vinnu þannig háttáð, að nota þurfi sérstök vinnuföt, er eðlilegast, að vinnuveitandinn láti verkamönnum þau í té verkamönnum að kostnaðarlausu á sama hátt og hlífðarútbúnað, sem nauðsynlegur kann að þykja (sbr. 21. tölul. þessarar greinar).

12. tölul. er svipaðs efnis og 6. gr. rgj. nr. 10/1929. Gerir nefndin ráð fyrir, að um þetta atriði verði gefin út nánari fyrirmæli í reglugerð, því að sitt hentar hverjum vinnustað í þessu efni.

13. tölul. er í samræmi við 4. málsg. 10. gr. rgj. nr. 10/1929. Gerir nefndin einnig hér ráð fyrir, að um þetta atriði verði gefin út nánari fyrirmæli í reglugerð, þar sem m. a. verði tekið fram um fjölda salerna á vinnustað.

14. tölul. er nýmæli í frumvarpinu. Þykir nefndinni sjálfsagt, að verkamenn fái þá aðstöðu við vinnu sína, að þeir lýst sem minnst, og ætti það ekki síður að vera til gagns fyrir vinnuveitandann en verkamanninn, þegar til lengdar lætur.

15. og 16. tölul. er að mestu í samræmi við 1. málsgr. 7. gr. rgj. nr. 10/1929.

17. tölul. er nýmæli í frumvarpinu, en það er alkunnugt, að rakastig andrúmsloftsins hefur eigi síður áhrif á velliðan manna en lofthitinn, hiti loftis, veggja og gólfa og hreyfing á andrúmsloftinu, einkum þó, þegar unnin er erfiðisvinna. Er því full ástæða til að taka ákvæði í þessu efni upp í frumvarpið, en nefndin gerir ráð fyrir, að nánari fyriræli verði sett í reglugerð.

18. tölul. er að nokkru leyti nýmæli í frumvarpinu, en að nokkru leyti í samræmi við 1. málsgr. 7. gr. rgj. nr. 10/1929. Er það alkunnugt, að mikil hætta getur stafað af ryki, ef menn vinna að staðaldri í því, og geta beðið varanlegt tjón á heilsu sinni af þess völdum. Má því einskis láta ófreistað að bægja því sem mest frá mönnum. Þarf að sjálfsögðu nákvæmari ákvæði í þessu efni en hér eru, en bezt er að hafa þau í reglugerð.

19. tölul. er nýmæli í frumvarpinu, og ætti það ekki að þurfa nánari skýringu við. Í reglugerð þarf að tilgreina, hver þau efni eru, sem hér er um að ræða, því að engin sérstök löggjöf um eitrefni er til hér á landi. Þykir ekki ástæða að nefna þau frekar hér.

20. tölul. er sömuleiðis nýmæli í frumvarpinu. Að vísu munu þær ástæður sjaldan vera fyrir hendi, sem töluliður þessi gerir ráð fyrir, en eigi að síður þykir sjálfsagt að hafa þetta ákvæði í frumvarpinu. Það er tekið eftir hinu danska frumvarpi, og í greinargerð við það eru nefndir ferns konar sjúkdómar, sem hér sé einkum um að ræða: anthex (miltisbrandur), actinomyces (bólga, sem orsakast af sérstökum sveppum, en þeir berast í menn úr heyi, hálm og öðru þess háttar), tetanus (stífkrampi) og berklaveiki.

21. tölul. er sömuleiðis nýmæli í frumvarpinu. Hlífðarútbúnaður sá, sem hér er um að ræða, er mjög gagnlegur fyrir verkamenn. Er vinnu oft svo háttá, að aðrar öryggisráðstafanir koma ekki að eins góðum notum. Þykir því nauðsynlegt að hafa ákvæði um slíkan hlífðarútbúnað í frumvarpinu, enda er hann nú þegar almennt notaður. Þó ber nokkuð á því, að verkamenn skeyti ekki um að setja á sig hlífðarútbúnaðinn, þótt hann sé þeim nærtækur, og er verkamönnum af þeim ástæðum gert að skyldu í niðurlagi töluliðsins að nota þann hlífðarútbúnað, sem talinn er nauðsynlegur og hafður er þeim til afnota.

22. tölul. er sömuleiðis nýmæli. Þessi töluliður gildir aðeins um stutta gistingu á sama stað, eina eða fáar nætur, og þykir ekki ástæða til að hafa ákvæði um slíkan næturdvalarstað mjög ýtarlegan. Sé hins vegar um lengri dvöl á sama stað að ræða, eiga ákvæði 13. gr. þessa frumvarps við.

Um 13. gr.

Ákvæði þessarar greinar eru að mestu leyti í samræmi við ákvæði 4. gr. rgj. nr. 95/1941, en mjög er það vafasamt, hvort sú reglugerðargrein hefur stöð í lögum. Hins vegar ber brýna nauðsyn til þess að fá vafalaus ákvæði um þetta atriði löglícid. Á nokkrum vinnustöðum hefur nefndin séð góðan aðbúnað verkamanna í þessum efnum og sums staðar ágætan. En hins vegar er aðbúnaði verkafólks í húsnaði því til íbúðar, sem því er látið í té af vinnuveitendum, víða mjög ábótavant. Hefur nefndin séð þess ljót dæmi á ferðum sínum, sem ástæðulaust mun þó vera að lýsa nánar hér. En grein sú, sem hér er um ræðir, er orðin til fyrir þessar athuganir. — Síðasta málsgr. greinarinnar er einkum miðuð við vegavinnu og aðra svipaða vinnu, þar sem eigi mun gerlegt enn sem komið er að reisa skála handa verkamönnum til að búa í, en unnið er að sumarlagi og að jafnaði búíð í tjöldum. Sér nefndin ekki ástæðu til að mæla með breytingu á því fyrirkomulagi að svo komnu máli og vill því, að heimild sé til undanþágu, þegar svo stendur á. Þó mun ekki þurfa að gefa undanþágu frá öllum ákvæðum greinarinnar, heldur aðeins fáum ákvæðum hennar,

Um 14. og 15. gr.

Í upphafi 12. gr. frumvarpsins segir, að ákvæði hennar gildi „um verksmiðjur, verkstæði, verzlunarstaði og skrifstofur, . . . enda séu þessi fyrirtæki starfrækt að staðaldri að sama stað“. Sum ákvæði 12. gr. geta átt við hvers konar vinnu, en önnur eru þess eðlis, að þau geta eigi verið í gildi, sé t. d. um vinnu að ræða, sem er aðeins um stundar sakir á sama stað. Tilgangur 14. og 15. gr. er því að ákveða eða gefa rúðherra heimild til að ákveða, að hve miklu leyti ákvæði 12. gr. skuli gilda um annars konar starfrækslu. — Við 15. gr. gerði Alþýðusamband Íslands svo hljóðandi athugasemd: „Greinin allt of óákveðin. Þarf að vera ákvæði um öryggi við hafnarvinnu (fermingu og affermingu skipa), almenna útivinnu og byggingavinnu“. — Nefndin getur ekki fallizt á þetta sjónarmið, en telur eðlilegast, að um þessa og ýmsa aðra starfrækslu verði gefnar út reglugerðir.

#### IV. KAFLI

Um 16. gr.

